



Knattspyrnufélagið

HAUKAR

Stofnað 12. apríl 1931



ÁRSSKÝRSLA 2019



EFNISYFIRLIT

	EFNISYFIRLIT	2
A.	INNGANGUR	3
Á.	AÐALSTJÓRN HAUKA	4
B.	STARFSNEFNDIR	5
C.	FJÁRMÁL	5
D.	LEIKJASKÓLI BARNANNA	6
E.	ÍPRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2019	6
É.	FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA	10
F.	AFREKSSKÓLI HAUKA	11
G.	SKÁKDEILD	11
H.	ÖLDUNGARÁÐ HAUKA	11
I.	ÍPRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA	11
Í.	GETRAUNALEIKUR	12
J.	VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR	12
K.	ÓLAFSSALUR	12
L.	KNATTHÚS/ÍBÚÐIR	13
M.	MINNINGAR- OG STYRKTARSJÓÐUR HAUKA	13
N.	REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF.	13
O.	FÉLAGSRÁÐ HAUKA	13
Ó.	HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN	14
P.	ALMENNINGSÍPRÓTTAÐEILD — SKOKKHÓPUR	14
Q.	KNATTSPYRNUDEILD	16
R.	KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM	20
S.	HANDKNATTLEIKSDEILD	20
T.	KÖRFUKNATTLEIKSDEILD	21
U.	KARATEDEILD	22
Ú.	BLAK	22
V.	GOLF	22
W.	VEIÐI	23
X.	HAFNARFJARÐARBÆR	23
Y.	ÍBH	25
Ý.	LOKAORÐ	26
	FYLGISKJAL 1 SKÝRSLA STARFSHÓPS UM KNATTHÚS	28
	FYLGISKJAL 2 ÁRSREIKNINGUR AÐALSTJÓRNAR 2019	41
	FYLGISKJAL 3 ÁRSREIKNINGUR REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2019	48

A. INNGANGUR

Árið sem nú er að líða hefur verið okkur Haukamönnum á margan hátt gott en einnig ár þar sem takast þarf á við nýjar áskoranir við að byggja upp að nýju. Mjög ánægjulegt hefur verið að sjá þá miklu grósku sem verið hefur í starfi okkar eftir að nýi salurinn var tekinn í notkun. Þá hefur jafnframt verið ánægjulegt að sjá marga leikmenn koma til baka á árinu úr atvinnumennsku eða úr erlendum háskólum.

Árangur okkar glæsilega íþróttafólks ber þó ávallt hæst á árinu þó hvorki hafi unnist Íslands- né bikarmeistararitill í meistaraflokkum félagsins í ár. Gengi meistaraflokka í handbolta síðastliðinn vetur var gott og vann m.a. karlaliðið glæsilega deildarmeistaratitil í Olísdeildinni og komst alla leið í úrslit, en tapaði þar fyrir frábæru liði Selfoss eftir mikla baráttu okkar manna. Kvennaliðið komst í 4 liða úrslit en lét þar staðar numið. Karlaliðið var fyrir áramót í efsta sæti Olísdeildarinnar og hafði um áramót einungis tapað einum leik. Liðið hefur aðeins gefið eftir á nýju ári og er nú í 4. sæti deildarinnar en mun eflaust keppa um þann stóra í vor. Kvennaliðið fór ekki vel af stað í haust en hefur vaxið þegar liðið hefur á mótið. Liðið er nú í 6. sæti og mun vonandi klífa ofar í töfluna. Bæði liðin komust í 4 liða úrslit bikarkeppninnar en féllu bæði út þar eftir mjög jafna leiki sem töpuðust í lokin.

Karlaliðið í körfunni átti erfitt uppdráttar síðastliðið tímabil eftir þá miklu blóðtöku sem liðið varð fyrir sumarið 2018. Liðið komst ekki í úrslitakeppni síðastliðið vor og endaði í 10. sæti deildarinnar eftir brösugt gengi. Kvennaliðið átti sömuleiðis erfitt tímabil og komst ekki í úrslitakeppnina. Miklar breytingar hafa orðið á styrkleika liða í körfunni eftir að Bosmann leikmenn eru orðnir gjaldgengir í liðum. Haukar hafa viljað byggja á sínum uppöldu leikmönnum í stað þess að vera með allt upp í 5 erlenda leikmenn í liðum eins og nokkur dæmi eru um.

Staða körfuliðanna er mun betri nú en fyrir ári síðan enda hafa liðin endurheimt öflugna uppalda leikmenn úr atvinnumennsku og háskólum erlendis nú í haust. Eru liðin í 5. sæti í sínum deildum og hafa verið að sýna að þau geta unnið hvaða lið sem er í þessum deildum. Haldi liðin áfram að bæta sinn leik eftir áramót þá er nokkuð víst að liðin komast í úrslitakeppnirnar í vor. Kvennaliðið komst í fjögurra liða úrslit bikarkeppninnar.

Haukar eiga núna 6 landsliðsmenn í meistaraflokki í hand- og körfubolta karla og kvenna auk nokkurs fjölda landsliðsmanna sem aldir eru upp innan Hauka. Kvennalandslíðið í körfu var til dæmis með helming liðsins af uppöldum Haukastelpum. Þá eigum við 1 landsliðskonu í karate. Glæsilegur hópur íþróttamanna sem við státum af.

Kvennalið Hauka í knattspyrnu spilaði í Innkasso deild kvenna í sumar og endaði liðið í 4. sæti deildarinnar, skammt á eftir efstu liðum. Liðið hefur undanfarið verið að styrkja sig fyrir komandi tímabil sem og að uppaldar efnilegar stúlkur eru að komast í liðið. Stefnan er að endurtaka leikinn frá sumrinu 2016 og vinna sér á ný keppnisrétt í deild þeirra bestu.

Meistaraflokkur karla í knattspyrnu átti erfitt tímabil þar sem lítið gekk upp í leikjum liðsins, þjálfaraskipti o.fl. gerðu liðinu erfitt fyrir og var margt á móti liðinu í sumar. Liðið féll síðan um deild í síðasta leik tímabilsins á markatölu þegar úrslit leikja í lokaumferðinni fóru allir á versta veg fyrir liðið. Áföll sem þessi eru til þess fallin að endurmeta starf og stefnu knattspyrnudeildar félagsins því Haukar eiga ekki að sætta sig við að spila í þriðju efstu deild. Mikið starf er nú í gangi hjá knattspyrnudeildinni í að snúa gengi liðsins við og væntir aðalstjórn Hauka þess að karlalið Hauka fari strax upp í Innkassodeildina í sumar.

Mikið starf er unnið innan Almenningsdeildar Hauka og stór hópur fólks sem hleypur með hópnum í nánast hvaða veðri sem er. Almenningsdeildin stendur fyrir nokkrum hlaupum á hverju ári og var ánægjulegt að sjá stóran hóp hlaupara taka þátt í kirkjuhlaupi fyrir jólin.

Karatedeildin hefur vaxið á árinu og er ungt og efnilegt karatefólk að koma upp innan deildarinnar. Þá náði ung karatekona, Hjördís Helga Ægisdóttir, að vera á verðlaunapalli í 3 greinum á Reykjavíkurlaikunum í sumar. Vonir eru bundnar við að fleiri iðkendur deildarinnar verði í fremstu röð á næstu árum.

Aukinn kraftur hefur nú færst í skákdeild félagsins sem nú hefur breytt um nafn og heitir nú Hugariþróttadeild Hauka og er með þrjú ráð innan sinnar deildar, skákráð, rafíþróttaráð ásamt



borðspila- og bridsráð. Spennandi verður að sjá framhaldið hjá deildinni og vonandi að hún vaxi og dafni á næsta ári.

Mjög ánægjulegt var í byrjun síðasta árs að Söru Björk Gunnarsdóttur, uppalinni Haukakonu, hlotnaðist sá heiður að vera útnefndur Íþróttamaður ársins á Íslandi. Haukafjölskyldan er mjög stolt af því að íþróttamaður ársins sé alinn upp innan félagsins. Aðalstjórn Hauka samþykkti einróma að sæma Söru Björk Gunnarsdóttur Silfurstjórnu Hauka sem henni var veitt síðastliðið sumar.

Haukar eru frumkvöðlar í að reka frístundaheimili sem gengið hefur mjög vel frá upphafi. Mikil ánægja foreldra hefur verið með starfsemina. Allt frá upphafi hefur verið fullt út úr dyrum í starfsemi heimilisins. Biðlistar hafa verið, þar sem ekki hefur verið hægt að taka við fleiri börnum. Að samtengja skóla og íþróttastarf er jákvætt fyrir félagið okkar þar sem börnin venjast og sjá fyrirmyndir sínar í íþróttum á hverjum degi í glæsilegu íþróttafólki okkar Hauka. Veruleg fjölgun iðkenda í yngri flokkum Hauka er meðal annars rakin til starfsemi frístundaheimilisins.

Í sumar var lokið við að setja upp áhorfendabekki meðfram keppnisvellingum í Ólafssal og voru fyrstu keppnisleikir í nýjum Ólafssal nú í haust. Mjög ánægjulegt var að hlusta á keppendur úr öðrum liðum og lýsendur keppnisleikja keppast við að lofa salinn, enda best búni körfuboltasalur landsins.

Haukar eru og verða félag fyrir alla aldurshópa, allt frá leikskólabörnum til aldraðra, og er félagið stolt af því að þjónusta félagsmenn sína allt lífið. Félagið rekur m.a. frístundaheimili, boltaskóla fyrir yngstu börnin og er síðan með öldungadeild og félagsráð fyrir eldri félagsmenn sína svo nokkrir þættir séu nefndir úr starfsemi félagsins. Mikill fjöldi sjálfboðaliða kemur einnig ár hvert að starfi félagsins og leggur fram mikið og óeigingjarnt starf fyrir félagið sem allt of sjaldan er þakkað fyrir. Stjórnarmenn deilda félagsins vinna gríðarmikið starf við að halda starfsemi félagsins jafn öflugri og hún er. Þá má geta þess að öldungadeildin er óþreytandi við að keyra bílaleigubíla í fjáröflunarskyni nánast daglega, vor og haust. Vil ég þakka öllum sjálfboðaliðum Hauka fyrir frábært starf, án ykkar væru Haukar ekki jafn öflugir og þeir eru.

Þá eiga starfsmenn Hauka miklar þakkir skildar fyrir fyrir gott starf fyrir félagið sem alltof sjaldan er þakkað fyrir. Það er umtalað hversu gott er að sækja Ásvelli heim þar sem gestir sem sækja Hauka finna mjög sterkt að starfsmenn hússins eru fyrst og fremst Haukamenn.

Á. AÐALSTJÓRN HAUKA

Aðalfundur félagsins var haldinn þriðjudaginn 26. mars í Samkomusalnum. Fundurinn var vel sóttur að venju. Fundarstjóri var Lúðvík Geirsson og fundarritari Bjarni H. Geirsson.

Kosningu í aðalstjórn félagsins árið 2019 hlutu:

Formaður: Samúel Guðmundsson

Varaformaður: Valgerður Sigurðardóttir

Gjaldkeri: Guðborg Halldórsdóttir

Tilnefndir af deildum í aðalstjórn:

Frá Handknattleiksdeild: Þorgeir Haraldsson og Elva Guðmundsdóttir

Frá Knattspyrnudeild: Eiður Arnar Pálmason og Jón Björn Skúlason

Frá Körfuknattleiksdeild: Bragi Hinrik Magnússon og Tóbías Sveinbjörnsson

Frá Almenningsdeild: Soffía Helgadóttir

Frá Karatedeild: Kristján Ó. Davíðsson

Frá Félagsráði: Bjarni H. Geirsson

Þessar tilnefningar voru allar samþykktar.

Eiður Arnar Pálmason gekk úr stjórn síðar á árinu og í hans stað kom Halldór Jón Garðarsson.

Kosning skoðunarmanna ársreiknings: Viðar Jónsson og Ása Karen Hólm.

Stjórnin hélt 8 bókaða fundi á árinu.

Framkvæmdastjóri félagsins er Magnús Gunnarsson.



B. STARFSNEFNDIR

Eftirtaldar starfsnefndir voru starfandi á árinu:

Minningar- og styrktarsjóður Hauka:

Bjarni H. Geirsson formaður, Björg Guðmundsóttir og Katrín Jónsdóttir.

Framkvæmdanefnd um uppbyggingu Ásvalla með fulltrúum Hafnarfjarðarbæjar:

Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson. Magnús Gunnarsson starfar með nefndinni.

Eiður Arnar Pálmason tók síðar sæti Ágústs Sindra í nefndinni og síðar kom Jóhann Unnar Sigurðsson í stað Eiðs Arnars.

Fulltrúi félagsins í stjórn ÍBH: Magnús Gunnarsson.

Fulltrúi félagsins í stjórn Afrekssjóðs ÍBH: Samúel Guðmundsson.

C. FJÁRMÁL

Rekstur Knattspyrnufélagsins Hauka er fjölþættur, eins og framlagðir ársreikningar félagsins bera með sér. Rekstur félagsins er tvískiptur, annars vegar er um að ræða umsýslu Knattspyrnufélagsins Hauka og hins vegar Rekstrarfélags Hauka ehf., en félagið er að öllu leyti í eigu Knattspyrnufélagsins Hauka og hefur það hlutverk að sjá um rekstur meistaraflokka félagsins í handknattleik, körfuknattleik og knattspyrnu. Heildartekjur félaganna á árinu 2019 voru samtals um 604 milljónir króna, en heildar rekstrarútgjöld fyrir afskriftir og fjármagnsliði voru um 608 milljónir króna. Rekstrarniðurstaða ársins 2019 að teknu tilliti til afskrifta og fjármagnsliða var neikvæð um 7,7 milljónir króna. Heildareignir samkvæmt efnahagsreikningi 31.12.2019 eru 375 milljónir, en skuldir samstæðunnar nema um 97 milljónum króna, þar af eru langtímaskuldir um 10 milljónir.

Rekstur íþróttafélags er í eðli sínu mjög sveiflukennndur. Helgast það ekki síst af þeirri staðreynd að tekjuflæði er óstöðugt og nokkuð ótryggt, en uppspretta fjármagns er háð mörgum ólíkum þáttum. Má þar til nefna samstarfssamninga við fyrirtæki, rekstrar- og þjónustusamninga við Hafnarfjarðarbæ sem og styrkveitingar sem sumar hverjar eru háðar árangri og sýnileika afrekssfélgs Hauka, sem og efnahagslegir þættir er lúta að iðkendum og fjölskyldum þeirra, svo fátt eitt sé nefnt.

Á árinu 2018 var nýr kennslu- og íþróttasalur vígður á Ásvöllum og var salurinn formlega vígður þann 12. apríl 2018 á afmælisdegi Hauka. Salurinn ber nafnið, Ólafssalur, í minningu Ólafs heitins Rafnssonar. Á árinu 2019 fékkst fjárveiting fyrir kaupum á hluta af áhorfendasætum í Ólafssal. Eru nú áhorfendasæti á langhliðum salarins samtals 634 og vænta má þess að samþykki fyrir kaupum á áhorfendabekkjum við báða enda salar fyrir um 420 áhorfendur liggi fyrir við næstu fjárhagsáætlun. Með tilkomu nýja kennslu- og íþróttasalarins og áhorfendastúkum hefur orðið bylting í aðstöðu til íþróttakennslu sem og æfinga og keppni í körfubolta.

Þegar litið er til reksturs Knattspyrnufélagsins Hauka og Rekstrarfélags Hauka má segja að reksturinn sé í járnnum. Heldur hefur þó birt til, en stöðugt aðhald er lykilatriði í rekstri félagsins. Það skiptir verulegu máli að rekstrargrunnur félagsins sé traustur og leita forráðamenn félagsins stöðugt nýrra leiða til að bæta fjárhagslega stöðu þess. Það getur hins vegar verið erfiðleikum bundið að reka félagið svo ásættanlegt sé ef ekki tekst að treysta betur fjárhagslegan stöðugleika með betra og öruggara fjárstreymi til lengri tíma.

Nú er byggingu nýja íþróttasalarins að mestu lokið, glæsilegur íþróttasalur tekinn í notkun og umhverfi Íþróttamiðstöðvarinnar að Ásvöllum hefur tekið stakkaskiptum með einkar snyrtilegum frágangi utanhúss. Og áfram skal haldið í ört vaxandi íbúahverfi og hafa bæjaryfirvöld og fulltrúar Hauka hafið undirbúning að byggingu knattshúss, en lengi hefur verið beðið eftir að betri aðstaða fyrir knattspyrnuíðkun líti dagsins ljós. Má reikna með að á næstu tveimur til þremur árum verði risið myndarlegt upphitað knattshús í fullri stærð á lóð félagsins. Samhliða þeim byggingaframlagnum sem þegar eru fyrirhugaðar á svæði félagsins er unnið að breyttu deiliskipulagi þar sem horft til enn frekari uppbyggingar á svæðinu.



Margt hefur áunnist varðandi uppbyggingu á Ásvöllum og Haukar geta verið stoltir hvernig staðið hefur verið að þeim byggingum sem þegar hafa risið. Þar hefur ríkt metnaður til að vanda vel til verka og skipulags og má segja að með tilkomu knattþúss og síðar nýrrar stúku verður Íþróttamiðstöð Hauka og umgjörð öll á svæði félagsins ein sú besta á landinu.

D. LEIKJASKÓLI BARNANNA

Leikjaskóli barnanna er fyrir börn á aldrinum 2–5 ára. Markmið leikjaskólans er að kynna iðkendum fyrir íþróttasalnum og áhöldum þar. Þá er farið í grunn hinna ýmsu íþróttagreina ásamt grunnhreyfingum barna. Lögð er áhersla á að börnin fái að njóta sín í faðmi forráðamanna sem eru með þeim allan tímann til halds og trausts.

Stjórnandi skólans er Albert Magnússon, margreyndur og að góðu kunnur.

E. ÍÞRÓTTASKÓLI HAUKA SUMARIÐ 2019

Íþróttaskóli Hauka hefur verið starfræktur yfir sumartímann síðan 2007 og eru því sumrin orðin tólf talsins. Frá byrjun hafa Haukar kappkostað að sýna þessu verkefni mikinn metnað og að allir finni eitthvað við sitt hæfi. Þegar lagt var af stað í byrjun lá ekki ljóst fyrir hvernig við ætluðum að fara að því að standa við þau stóru orð að bjóða upp á íþróttaskóla fyrir alla en með markvissri vinnu og með því að halda sama starfsfólkinu milli ára hefur okkur tekist að skapa íþróttaskóla sem getur staðið undir því að geta tekið á móti öllum.

Íris Óskarsdóttir og Emil Barja sáu um stjórn skólans þetta sumar og var íþróttaskólinn rekinn með svipuðu sniði og áður. Knattspyrnuskólinn starfaði í 9 vikur í sumar. Í júní og ágúst var boðið upp á knattspyrnu-, handbolta- og körfuboltaskóla. Fyrir þau börn sem ekki höfðu áhuga á þessum íþróttum gátu þau sótt um fjölgreinaskólann sem boðið var upp á í allt sumar fyrir hádegi og eftir hádegi í júní og ágúst. Knattspyrnuskólinn var með nokkur sérnámskeið sem voru fjölbreytt og skemmtileg.

Eins og síðustu átta sumur buðu Haukarnir upp á námskeið í júlí fyrir börn á aldrinum 3–6 ára þegar leikskólar bæjarins fóru í frí. Það er námskeið í anda leikjaskóla barnanna og hefur það vakið mikla lukku og voru um 40 börn sem komu þær þrjár vikur sem í boði voru. Það hafa til að mynda foreldrar úr öðrum bæjarfélögum nýtt sér enda sjaldgæft að íþróttafélög bjóði upp á námskeið fyrir þennan aldurshóp að sumri til. Fengum við mikið lof og hrós fyrir námskeiðið og foreldrar voru mjög sáttir við þetta framtak.

Starfsmenn íþróttaskólans sáu ekki aðeins um að leiðbeina börnum í íþróttum heldur einnig að halda útisvæðinu við Ásvelli hreinu og snyrtilegu. Sverrir Þór Sverrisson stjórnaði því verkefni.

HALDIÐ Í HORFINU

Það var ákveðið fyrir sumarið að hækka verðið á námskeiðunum. Hálf vika hækkaði úr kr. 5.000 í kr. 5.500 og heill dagur með hádegismat úr kr. 12.500 í kr. 13.500.

Yfir knattspyrnuskólanum voru leikmenn meistaraflokks Hauka, þeir Þórður Jón Jóhannesson og Friðbert Bjarki Guðjónsson. Yfir Körfuboltaskólanum var Kári Jónsson og yfir handboltaskólanum var Herbert Ingi Sigfússon. Yfir íþróttaleikskólanum var Kári Jónsson og Arnór Bjarki Ívarsson.

Allir þeir einstaklingar sem komu að stjórnun íþróttaskólans þetta sumar stóðu sig frábærlega og eru þessir einstaklingar fyrirmyndir yngri iðkenda og því gaman að fá krakka til að æfa undir þeirra handleiðslu.

ÍÞRÓTTASKÓLINN SKIPTIST Í ÞRJÁ HLUTA

1. Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2–16 ára
2. Umsjón með íþróttasvæði og mannvirkjum Hauka að Ásvöllum
3. Skóli fyrir verðandi leiðbeinendur og íþróttamenn framtíðarinnar



Upprunalega markmiðið með íþróttaskólanum var að bjóða upp á fjölþætta íþróttþjálfun fyrir börn á aldrinum 6–12 ára en fljótlega gerðum við okkur grein fyrir því að ekki væri síður mikilvægt fyrir okkur að hlúa vel að unga fólkinu okkar, þ.e.a.s. unglingunum í 8.–10. bekk sem og þeim sem komnir eru í menntaskóla. Í Íþróttaskóla Hauka höfum við síðastliðin 10 ár skólað til fjöldann allan af ungu fólki til að verða hæfari leiðbeinendur og að geta axlað ábyrgð. Nú í sumar fundum við vel fyrir því hvað við eigum orðið flottan hóp ungs fólks, því margir voru á sínu 3.–10. sumri hjá okkur. Með þessu erum við að þjálfva upp þjálfara/leiðbeinendur framtíðarinnar hjá félaginu og er það ekki síður mikilvægt heldur en að félagið ali af sér afreksfólk.

NÁMSKEIÐIN

Í íþróttaskólanum sumarið 2019 buðum við upp á eftirfarandi námskeið:

1. Fótboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur = 4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst
2. Körfuboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur = 4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst
3. Handboltaskóli (6–12 ára) ½ dagur = 4 vikur í júní og 2 vikur í ágúst
4. Íþróttaleikskóli (2–5 ára) = starfræktur 3 vikur í júlí
5. Fjölgreinaskóli (6–12 ára) heill dagur = starfræktur allt sumarið
6. Sumaræfingar í körfubolta (12–16 ára) = starfræktur allt sumarið
7. Sumaræfingar í handbolta (12–16 ára) = starfræktur allt sumarið

Við bjóðum upp á gæslu foreldrum að kostnaðarlausu frá klukkan 08:00–09:00 alla daga en annars er dagskráin eftirfarandi:

- 09:00–10:15 Prógramm 1
- 10:15–10:45 Nesti
- 10:45–12:00 Prógramm 2
- 12:00–13:00 Hádegismatur
- 13:00–14:15 Prógramm 3
- 14:15–14:45 Nesti
- 14:45–16:00 Prógramm 4

Fyrir þá krakka sem voru á heilsdagsnámskeiði var innifalið í verðinu heitur matur frá Skólamat. Það var einnig í boði fyrir þá krakka sem voru aðeins hálfan daginn en fóru síðan beint á æfingu að kaupa aukalega hádegismat. Þetta fannst okkur nauðsynlegt fyrir krakkana sem eru jafnvel frá átta á morgnanna til fjögur á daginn að fá heitan og næringarríkan hádegismat í staðinn fyrir að allir kæmu með sitt eigið nesti.

YFIRLIT YFIR STARFSEMI

Með öllum þessum námskeiðum höfum við reynt að sýna metnað varðandi það að hirða vallarsvæði okkar svo sómi sé að. Þegar kemur að því að hirða velli og mannvirki er í mörg horn að líta og þar höfum við reynt að nýta okkur sérþekkingu starfsmanna okkar eins og kostur er. Eins og sjá má hefur íþróttasvæði Hauka tekið algerum stakkaskiptum og leyfi ég mér að fullyrða að það sé til fyrirmyndar.

Hér að neðan eru nokkur af þeim verkefnum sem við sinntum í sumar.

Umsjón með íþróttaskóla Hauka 2–16 ára

Fjölgreinaskóli
Körfuboltaskóli
Fótboltaskóli
Handboltaskóli
Íþróttaleikskóli 2–5 ára
Æfingar seinni partinn fyrir 12–16 ára

Gras sláttur

Brekkur
Rönd við leikvelli
Með trjám
Með fram vallarhúsi
Áhorfendastæði



Beðahreinsun

Kantskurður við vallahús
 Snyrting á beði við vallahús
 Grjóthreinsun úr beðum og af grasi
 Upptaka á blómareit við vallahús
 Snyrta beð á bílastæði
 Grjóthreinsun úr brekku við mark

Verk í aðalhúsi

Þrif á áhorfendapöllum í íþróttahúsi
 Þrif á eldhúsi og matsal
 Þrif á gæslurými

Þrif á útileiksvæði

Móttaka
 Tiltekt í áhaldageymslunni
 Þrif á harpix af rimlum og mörkum

Vallahús

Þrif á salernum, sturtum, klefum, móttöku
 Tiltekt í áhaldageymslunni

Útisvæði

Þrif á varamannaskýlum
 Hreinsun á steinum af gervigrasi
 Þrif á bílastæði

SAMANTEKT

Eftir tólf sumur er íþróttaskólinn í föstum skorðum og í honum eiga allir að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Þetta er frábær starfsemi við allra hæfi hvort sem það eru íþróttakrakkar, börn úr hverfinu sem koma ný og kynnast því öflugra starfi sem Haukarnir bjóða upp á eða unglingar sem vilja fara á sumaræfingar í hand- og körfubolta.

Íþróttaskólinn er vel skipulagður, gott utanumhald var um tímamál starfsmanna, við bjóðum upp á dagskrá fyrir nánast alla, bjóðum upp á fjölbreytt námskeið, góðan hádegismat, höfum góða aðstöðu og góða starfsmenn.

Allir krakkarnir sem sóttu námskeiðin virtust njóta sín og fara ánægð út eftir sumarið. Það sama getur verið sagt um starfsfólkið en mikill fjöldi sækir um að fá að starfa við íþróttaskólann á hverju sumri og það er mikill kostur að geta valið það starfsfólk í vinnu sem best hentar. Yfir sumarið var skráð niður hjá okkur vinnusemin og dugnaður hjá hverjum starfsmanni sem auðveldar okkur að velja starfsfólkið fyrir næsta sumar. Það starfsfólk sem vann best fær aftur vinnu næsta sumar ef það óskar þess en nýtt fólk verður fengið inn fyrir þá sem ekki stóðust lágmarks kröfur.

Höldum áfram að bæta okkur og gera gott betra.

ÁFRAM HAUKAR

ÍÐKENDATÖLUR ÍÞRÓTTASKÓLA HAUKA 2018

Námskeið	Fjöldi	Námskeið	Fjöldi
Fjölgreinaskóli fyrir hádegi (9:00–12:00) ..	127	Körfuboltaskóli fyrir hádegi	50
Fjölgreinaskóli eftir hádegi (13:00–16:00) ..	32	Körfuboltaskóli og fjölgreina	21
Fjölgreinaskóli allan daginn(9:00–16:00) ..	74	Knattspyrnuskóli fyrir hádegi	99
Handboltaskóli fyrir hádegi	31	Knattspyrnuskóli og fjölgreina	13
Handboltaskóli og fjölgreina	23	Íþróttaleikjaskólinn	41
		Alls umsóknir	511

SÉRNÁMSKEIÐ Í KNATTSPYRNU 2019

Æfðu eins og atvinnumaður	25	Boltaskóli Freys	28
PSV Eindhoven	49	Samtals	102

VIKA 1

Knattspyrnuskóli	29	Samtals umsóknir	112
Handboltanámskeið	15	Matur	54
Körfuboltanámskeið	15		
Fjölgreina fyrir hádegi	32		
Fjölgreina eftir hádegi	21		



VIKA 2

Knattspyrnuskóli	28	Fjölgreina eftir hádegi	38
Handboltanámskeið	8	Samtals umsóknir	125
Körfuboltanámskeið	20	Matur.	57
Fjölgreina fyrir hádegi	31		

VIKA 3

Knattspyrnuskóli	16	Fjölgreina eftir hádegi	27
Handboltanámskeið	8	Samtals umsóknir	88
Körfuboltanámskeið	9	Matur.	34
Fjölgreina fyrir hádegi	28		

VIKA 4

Knattspyrnuskóli	14	Fjölgreina eftir hádegi	21
Handboltanámskeið	5	Samtals	70
Körfuboltanámskeið	8	Matur.	27
Fjölgreina fyrir hádegi	22		

VIKA 5

Fjölgreinaskóli	23	Samtals	28
Íþróttaleikskóli.	5		

VIKA 6

Fjölgreina fyrir hádegi	23	Samtals	46
Íþróttaleikskóli.	23		

VIKA 7

Fjölgreina fyrir hádegi	14	Samtals	27
Íþróttaleikskóli.	13		

VIKA 8 = LOKAÐ

**VIKA 9**

Knattspyrnuskóli	5	Fjölgreina eftir hádegi	11
Handboltanámskeið	8	Samtals	42
Körfuboltanámskeið	8	Matur	17
Fjölgreina fyrir hádegi	10		

VIKA 10

Knattspyrnuskólinn	20	Fjölgreina eftir hádegi	17
Handboltanámskeið	11	Samtals umsóknir	78
Körfuboltanámskeið	12	Matur	28
Fjölgreina fyrir hádegi	18		

É. FRÍSTUNDAHEIMILI HAUKA

Á haustmánuðum 2014 tók frístundaheimili Knattspyrnufélagsins Hauka til starfa. Var þar meðal annars horft til þess hvernig mætti efla tengsl Hauka við skólasamfélagið og samþætta íþróttaiðkun og skólastarf.

Óhætt er að segja að rekstur frístundaheimilisins hafi gengið vel þann tíma sem það hefur starfað. Í vetur eru um 50 börn skráð í frístund hér á Ásvöllum og er það svipaður fjöldi og á liðnu ári.

Á vordögum 2019, var undirritaður nýr þjónustu- og samstarfssamningur um rekstur frístundaheimilisins milli Knattspyrnufélagsins Hauka og Hafnarfjarðarbæjar. Samningurinn kveður á um rekstur frístundaheimilis fyrir börn 6–9 ára og um gagnkvæmar skyldur Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka vegna rekstur þess. Með samningnum er mótuð stefna og umgjörð í starfi frístundaheimilisins á gildistíma samningsins. Um tilgang og forsendur segir m.a. í 2. grein samningsins að frítími barna og fullorðinna sé dýrmætur og í vaxandi mæli sé það krafa foreldra að vinnutími barna verði samfelldari og að gæði frístundastarfs á vegum sveitarfélagsins taki mið af þörfum fjölskyldunnar fyrir samveru að vinnudegi loknum.

Með breytingu á lögum um grunnskóla, nr. 91/2008, 5. grein sem Alþingi samþykkti þann 16. júní 2016, er kveðið svo á um frístundaheimili: „Öllum börnum í yngri árgöngum grunnskóla skal gefinn kostur á þjónustu frístundaheimila. Frístundaheimili er frístundavettvangur barna með áherslu á val barna, frjálstan leik og fjölbreytileika í viðfangsefnum og umhverfi. Við skipulag þjónustu frístundaheimila skal tekið mið af þörfum, þroska og áhuga hvers og eins.

Sveitarfélög fara með faglegt forræði frístundaheimila, ákveða skipulag starfsemi þeirra og rekstrarform með samþættingu skóla- og frístundastarfs og þarfir barna að leiðarljósi.

Á frístundaheimilum gilda almenn ákvæði laganna og reglugerða settra samkvæmt þeim um öryggi og velferð barna, réttindi og skyldur, tilkynningarskyldu og ráðningarbann á grundvelli sakavottorðs.

Ráðuneytið gefur út, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, viðmið um gæði frístundastarfs, þ.m.t. um hlutverk og markmið, skipulag og starfsaðstæður, starfshætti, margbreytileika, stjórnun og menntun starfsfólks. Sveitarfélög geta ákveðið að reka ekki frístundaheimili ef gildar ástæður eru fyrir hendi, t.d. staðbundnar aðstæður.

Sveitarfélögum er heimilt að taka gjald fyrir vistun barna á frístundaheimili samkvæmt gjaldskrá sem þau setja og birta opinberlega. Gjaldskrárákvarðanir samkvæmt þessari grein eru kærnanlegar samkvæmt fyrir mælum 47. gr.“

Frístundaheimili er nú lögboðin þjónusta sveitarfélagsins og mikilvægur liður í uppeldi og reynslunámi barna. Markmið samningsins er að gefa Knattspyrnufélaginu Haukum tækifæri á að reka frístundaheimili fyrir börn í Hafnarfirði á aldrinum sex til níu ára og efla þannig valmöguleika bæjarbúa, styrkja innra starf íþróttafélagsins og gefa börnum kost á að samtengja betur frítíma sinn við íþróttaiðkun.

Ofangreind markmið hafa svo sannarlega náðst því börnin sem eru hjá okkur í frístundaheimilinu nýta sér þátttöku í öflugu íþróttastarfi félagsins og mæta á íþróttæfingar eða sinna öðrum áhugamálum þann tíma sem þau dvelja í frístundaheimilinu.



Á liðnu hausti var tekin upp sú nýbreytni hjá Hafnarfjarðarbæ að bjóða upp á akstur frístundabíls, en frístundabíllinn sækir börnin í frístundaheimilin og er þeim ekið á ýmsa staði í bænum þar sem þeim gefst kostur á að stunda sínar íþróttæfingar. Nokkur börn í frístundaheimili Hauka, Haukaseli, nýta sér þessa þjónustu.

Aðstaða Frístundaheimilis Hauka er samkomusalurinn, stóri íþróttasalurinn, útisvæðið á Ásvöllum og svo hið náttúrulega svæði í nágrenninu.

Frístundaheimili Hauka er í boði fyrir grunnskólanemendur í 1. til 4. bekk Hraunvallaskóla. Börnin eru sótt í skólann og komið á Ásvelli, gangandi ef veður leyfir, annars með rútu. Starfsemi frístundaheimilisins er frá kl. 13:00 til kl. 17:00 virka daga og börnin fá síðdegishressingu kl. 14:15. Á skertum dögum skólans og starfsdögum er frístundaheimilið opið frá kl. 9:00.

Forstöðumaður frístundaheimilisins er Íris Óskarsdóttir, B.S. í Tómstanda- og félagsmálafræði, en auk Írisar starfa 4 aðrir starfsmenn við rekstur frístundaheimilisins.

F. AFREKSSKÓLI HAUKA

Afreksskóli Hauka starfaði eftir hefðbundnu sniði á árinu 2019. Samtals var 51 nemandi frá knattspyrnudeildinni, 26 frá körfuknattleiksdeildinni og 23 frá handknattleiksdeildinni. Samtals nákvæmlega 100 nemendur. Sem fyrr sóttu 9. og 10. bekkingar, úr öllum deildum félagsins, í hverri viku, bóklegan 40 mínútna tíma, 75 mínútna styrktaræfingu og 60 mínútna tækniæfingu. Bóklegu tímarnir voru í fyrsta skipti á svokölluðu vendinámssniði, þar sem nemendur horfðu, heima hjá sér fyrir tímann, á upptöku af fyrirlestri þar sem farið var yfir efni tímans. Tíminn sjálfur var svo nýttur til þess að svara stuttu krossaprófi úr efni fyrirlestursins, ræða innihald hans og svara spurningum, ásamt því að leggja fyrir vikulega Afreksvenju, sem voru ýmis verkefni sem snéru að lífsstíl og íþróttamennsku utanvallar. Nemendur í 8. bekk tóku sem fyrr aðeins þátt í tækniæfingunni í sinni íþróttagrein. Haustið 2019 hófu 75 nemendur nám við Afreksskólann.

ÚR ÁRSSKÝRSLU AFREKSSKÓLANS

G. SKÁKDEILD

Starfsemi yngri iðkenda hefur legið niðri nú um nokkurt skeið. Sveitir eldri skákmanna hafa tekið þátt í mótum Skákþings Íslands. Nú hillir undir bjartari tíma hjá skákdeildinni því framundan er átak í eflingu yngri deildarinnar og aðrar áhugaverðar breytingar sem munu sjá dagsins ljós næsta haust.

H. ÖLDUNGARÁÐ HAUKA

Starfsemi Öldungaráðs er með miklum blóma um þessar mundir. Milli 50 og 60 manns mæta einu sinni í mánuði yfir vetrartímann og eiga góða stund saman við spil og aðra skemmtan.

Stjórn Öldungaráðs er þannig skipuð:

Jóhanna Axelsdóttir formaður, Ragnar Árnason gjaldkeri, Erna Mathiesen ritari, Ragnheiður Sigurðardóttir og Ármann Guðjónsson meðstjórnendur, Ragnhildur Jónsdóttir og Hrafn Helgason í varastjórn.

I. ÍÞRÓTTAHÁTÍÐ HAUKA

Það ríkir ávallt eftirvænting hjá Haukafólki þennan síðasta dag ársins þegar kynnt eru úrslit í kjöri besta íþróttafólks ársins. Fjöldmenni var samankomið í íþróttasalnum á Gamlársdag.

Tilnefningar hlutu eftirtalin:



Íþróttakona Hauka 2019:

Sæunn Björnsdóttir – knattspyrna
Hjördís Helga Ægisdóttir – karate
Sara Sif Gísladóttir – handbolti
Þóra Kristín Jónsdóttir – körfubolti
Vilborg Þórsdóttir – hlaup

Besta íþróttakona Hauka: Þóra Kristín Jónsdóttir

Íþróttamaður Hauka 2019:

Birgir Magnús Birgisson – knattspyrna
Grétar Ari Guðjónsson – handbolti
Hjálmar Stefánsson – körfubolti
Rafn Ingólfsson – hlaup

Besti íþróttamaður Hauka 2019: Grétar Ari Guðjónsson

Þjálfari ársins 2019:

Helga Helgadóttir og Guðrún Jóna Kristjánsdóttir – knattspyrna
Eva Ósk Gunnarsdóttir – karate
Gunnar Magnússon – handbolti
Marel Guðlaugsson – körfubolti

Besti þjálfari Hauka 2019: Gunnar Magnússon

Glæsilegur hópur ungmenna, 120 talsins, sem tekið hefur þátt í ýmsum verkefnum sérsambandanna KAÍ, HSÍ, KKÍ og KSÍ, hlutu viðurkenningu og hyllingu viðstaddra. Góðri samkomu lauk síðan með léttum veitingum aðalstjórnar.

Í. GETRAUNALEIKUR

Getraunastarfsemin var gróskumikil sem fyrr. Um 30 sveitir taka þátt í leiknum sem leikinn er vetur og haust. Er það mál manna að kaffisopinn og góðar veitingar mildi skammdegisdrungann auk þess að flest vandamál heimsins verði hjóm eitt eftir að spekingar hópsins hafa brotið þau til mergjar.

J. VERKLEGAR FRAMKVÆMDIR

Umfangsmestu framkvæmdir á Ásvallasvæðinu frá því að Ásvellir voru byggðir verða á komandi árum, gangi áætlanir eftir. Á liðnu ári var auk þess lokið að mestu við nýjan íþróttasal og þá fer mikil vinna fram nú á vegum félagsins við að undirbúa byggingu á knatthúsi. Þó að unnið sé að svo miklum framkvæmdum á svæði Hauka eins og nánar er vikið að hér á eftir þá eykst á hverju ári þörf á viðhaldsaðgerðum á Íþróttamiðstöðinni hér að Ásvöllum. Komið er að töluverðu viðhaldi á húsinu til að varna frekari skemmdum á því. Fyrir nokkru síðan hefði þurft að hefja vinnu við múrviðgerð á húsinu sem og að mála múrhúðaða fleti, þá eru nokkrir staðir þar sem lekur frá þaki í aðkomusal, anddyri og aðstöðu starfsfólks sem koma þarf í veg fyrir. Í sumar mun verða ráðist í viðgerðir á húsinu og það málað. Þá er fyrir nokkru kominn tími til að yfirfara hellulagnir og malbik við húsið ásamt því að hreinsa lóðina við húsið. Haukar hafa ítrekað bent á þessar nauðsynlegu viðhaldsaðgerðir sem hafist verður handa við á þessu ári.

K. ÓLAFSSALUR

Á árinu var lokið við að setja áhorfendabekki upp á tvær hliðar salarins og þá stóð til að setja áhorfendabekki við báða enda salarins fyrir komandi keppnistímabil. Ekki er fjárveiting fyrir þessum áhorfendabekkjum á þessu ári en halda þarf áfram þrýstingi á bæjarfélagið um að klára verkið.



Ólafssalur er besti keppnissalur landsins fyrir körfuknattleik. Allir sem koma í salinn eru á einu máli um að salurinn sé mjög vel heppnaður í alla staði og eiga hönnuðir hans og Hafnarfjarðarbær mikið hrós skilið fyrir hvernig til hefur tekist.

L. KNATTHÚS/ÍBÚÐIR

Á liðnu ári hefur verið unnið að undirbúningi að byggingu knattspyrnuhúss hér á Ásvöllum. Starfshópur um uppbyggingu knattspyrnuhúss skilaði af sér vandaðri skýrslu fyrir síðustu jól þar sem áréttuð er stefna Hauka um að byggja áfram vönduð hús fyrir íþróttastarfsemi hér Ásvöllum sem duga muni næstu áratugina. Breytt deiliskipulagi fyrir Ásvelli var unnið á síðasta ári.

Í byrjun þessa árs var síðan gengið frá samningi milli Hauka og Hafnarfjarðarbæjar um uppbyggingu knatthúss þannig að hefja megi framkvæmdir við það á þessu ári. Samkvæmt samningnum var ný framkvæmdanefnd um byggingu knatthúss á Ásvöllum skipuð og hefur hafið að nýju vinnu við undirbúning framkvæmda. Þegar þetta er skrifað hafa þegar verið haldnir 2 fundir í liðnum mánuði og er mikill kraftur í starfi nefndarinnar. Fyrir Hauka sitja í nefndinni Jóhann Unnar Sigurðsson og Samúel Guðmundsson ásamt því að Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka, hefur starfað með nefndinni. Nú er unnið að því að ákveða með hvaða hætti framkvæmdin verður boðin út til verktaka sem og að tryggja að á meðan á framkvæmd stendur verði nægt æfingarsvæði fyrir knattspyrnuna. Vonir Hauka eru að í byrjun sumars fari fram útboð á framkvæmdinni.

Nýja deiliskipulagið af svæðinu gerir ráð fyrir að auk knatthússins komi íbúðabyggð með allt að 100 íbúðum á landi Hauka. Deiliskipulagið verður að óbreyttu staðfest í apríl. Samkvæmt samningnum við Hafnarfjarðarbæ munu tekjur af sölu byggingarréttar íbúða renna óskiptar til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.

Knatthúsið sem byggt verður á Ásvöllum er af svipaðri stærð og Fífan í Kópavogi og með áhorfendasvæði fyrir 800 manns. Húsið verður löglegt keppnishús samkvæmt kröfum KSÍ til keppni í efstu deild. Hönnuðir hafa gert tillögur að húsinu sem miða að því að nýta sem best dagsljós inn í bygginguna.

M. MINNINGAR- OG STYRKARSJÓÐUR HAUKA

Minningarsjóðurinn var stofnaður 1977 af ættingjum Garðars S. Gíslasonar og hét þá Minningarsjóður Garðars S. Gíslasonar. Var hann sameinaður undir núverandi nafni 1995. Tekjur sjóðsins eru frjáls framlög einstaklinga og stuðningsaðila. Einn styrkur var greiddur á árinu til þjálfaramenntunar. **Stjórn sjóðsins skipa:** Bjarni H. Geirsson, Katrín Jónsdóttir og Björg Guðmundsdóttir.

N. REKSTRARFÉLAG HAUKA EHF.

Aðalfundur Rekstrarfélags Hauka ehf. var haldinn 26. mars 2019.

Stjórn Rekstrarfélagsins skipa eftirtalin:

Formaður: Þorgeir Haraldsson, Guðborg Halldórsdóttir, Jón Erlendsson, Bragi Hinrik Magnússon og Valgerður Sigurðardóttir.

Varamenn: Gerður Guðjónsdóttir, Halldór Jón Garðarsson og Valdimar Óskarsson. Framkvæmdastjóri Rekstrarfélags Hauka ehf. er Magnús Gunnarsson.

O. FÉLAGSRÁÐ HAUKA

Félagsráð hefur m.a. haft á hendi innheimtu árgjalda sem runnið hafa til styrktar barna- og unglingastarfi félagsins.



Ó. HAUKAR Í HORNI — STUÐNINGSMENN

Haukar í horni er stuðnings- og styrktarklúbbur sem einstaklingar og fyrirtæki geta gerst aðilar að. Stofnaður 1990 til styrktar komu tékkneska handboltamannsins Petr Baumruk. Í upphafi og fyrstu árin var starfsemin á vegum Handknattleiksdeildar en fyrir nokkrum árum var starfsemin sameinuð öðrum deildum félagsins. Í dag geta menn tengst þeirri deild er þeir kjósa og rennur þá mánaðargjaldið til þeirrar deildar. Tekjum er ráðstafað m.a. til barna- og unglíngastarfs og ýmissa brýnna verkefna hverju sinni. Í dag eru meðlimir Hauka í horni rúmlega 300 og greiða þeir mánaðalegt gjald til klúbbsins. Stöðugt er leitast við að efla og styrkja þennan mikilvæga hóp.

Helstu markmið Hauka í horni eru:

- Að styrkja og efla félagsandann innan Hauka – virkja Haukahjartað
- Að styðja félagið í blíðu og stríðu
- Að halda úti öflugum meistaraflokkum
- Að vera leiðandi í öflugu innra starfi

P. ALMENNINGSÍÞRÓTTAÐEILD — SKOKKHÓPUR

Ný stjórn tók við á aðalfundi þann 19. mars 2019. Rannveig Hafberg gaf kost á sér áfram sem formaður og Hreiðar Júlíusson, Stefán Georgsson og Soffía Helgadóttir gáfu kost á sér áfram í stjórn. Anna Bára Gunnarsdóttir steig til hliðar en Árdís Olga Sigurðardóttir bauð sig fram til stjórnarsetu. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar skipti hún með sér verkum.

- Rannveig Hafberg formaður
- Hreiðar Júlíusson varaformaður
- Stefán Georgsson gjaldkeri
- Soffía Helgadóttir meðstjórnandi
- Árdís Olga Sigurðardóttir

Einnig tók Soffía að sér að halda áfram að mæta f.h. stjórnar á fundi hjá sameinuðum deildum Hauka.

Skokkhópurinn æfir þrisvar sinnum í viku, á mánudögum og miðvikudögum klukkan 17:30 og á laugardögum kl. 9:00 (1. apríl til 1. nóvember) og kl. 10:00 (1. nóvember til 1. apríl.) Æfingar hefjast í anddyri Ásvalla. Hreiðar Júlíusson er þjálfari hópsins.

Skokkhópur Hauka hefur vaxið og dafnað undanfarin ár. Árið 2019 voru u.þ.b. 90 virkir meðlimir. Er það heldur minna en í fyrra en það virðist vera að það fækki örlítið það ár sem ekki er formleg utanlandsferð.

Hvítasunnulaup Hauka og Sportís var sem fyrr stærsta verkefnið sem hópurinn stendur að. Þetta er utanvegahlaup þar sem hlaupið er um uppland Hafnarfjarðar. Boðið er upp á þrjár vegalengdir, 14.0 km, 17.5 km og 22.0 km. Í ár var hlaupið haldið í sjöunda sinn. Metþátttaka var og seldist upp í hlaupið en alls tóku um 500 hlauparar þátt. Sú nýjung var í ár að ekki var boðið upp á pappa- eða plastmál á drykkjarstöðvum, heldur þurfti hver hlaupari að koma með fjölnota glas sem einnig var innifalið í þátttökugjaldinu til að geta fengið drykk á drykkjarstöðvum. Við renndum blint í sjóinn með þetta, m.a. með tilliti til hversu mikið magn við þyrftum af vökva og hvort við myndum ná að manna drykkjarstöðvarnar það vel að ekki myndaðist bið eða öngþveiti á drykkjarstöðvunum. Þessi nýjung mæltist mjög vel fyrir og tókst útfærslan mjög vel á drykkjarstöðvunum enda valinn maður í hverju rúmi. Hlaupið tókst eins og alltaf; frábærlega vel og með ólíkindum hvað veðurguðirnir eru alltaf með okkur í liði!

Umfang og skipulag í kringum svona hlaup er mikið og ekki hægt að standa að þessu án mikillar sjálfboðavinnu félaganna og fjölskyldna þeirra. Við höfum verið í góðu samstarfi við Hafnarfjarðarbæ, og Haukarnir hafa sýnt okkur mikinn velvilja, m.a. með að opna Ásvelli á frídegi og útvega starfsmann okkur til aðstoðar. Einnig hefur samstarfið við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar verið mjög gott. Allt frá upphafi hefur Skokkhópur Hauka látið hluta af ágóða hlaupsins renna til



Skógræktarfélagssins og árið 2019 nam sá styrkur 250.000 kr.

Að venju héldum við Nýliðanámskeið, sem stóð í átta vikur. Það voru mun færri sem skiluðu sér á námskeiðið en undanfarin ár og hefur stjórnin reynt að rýna í af hverju það var. Þetta er mikilvægur þáttur í starfi hópsins enda nauðsynlegt að fá inn nýtt fólk svo við getum haldið áfram að dafna.

Eins og fyrri ár eru félagar duglegir að taka þátt í hinum ýmsu hlaupum. Það er ógerningur að telja þau öll upp en hér verður sagt frá nokkrum:

Í vor lögðu 9 félagar land undir fót og tóku þátt í Maxi race sem fór fram í Annecy í Frakklandi þann 25. maí. Tveir voru skráðir í 115 km með um 7.200m hækkun og fimm í 85 km hlaupi með 5.200m hækkun. Allir sem lögðu af stað kláruðu með glans þrátt fyrir rigningu og drullumall.

Fimm öflugar félagskonur fóru vestur og tóku þátt í Vesturgötunni. Þær stóðu sig að sjálfsgöngu með sóma.

Laugavegurinn heillaði marga í sumar og rúmlega 20 félagar tóku þátt í hlaupinu.

Í október fóru svo 35 meðlimir skokkhópsins til Madeira og tóku þátt í Ecco Trail Madeira, flestir í 15 km og nokkrir í 30, 45 og 85 km hlaupi. Allir stóðu sig vel en 85 km hlaupararnir náðu ekki tímamörkum eftir 44 km.

Að venju fjölmenntum við í Reykjarvíkurmarafonið og eftir hlaup fögnuðum við sigrum á Rifi í Hafnarfirði.

Svo voru konurnar í hópnum duglegar að finna ný og skemmtileg hlaup til dæmis Prosecco hlaupið og bjórhlaupið.

Í nóvember í ár var gríðarleg fjölgun af Haukafélögum sem skráðir eru í félag 100 km hlaupara, nánar tiltekið 100% aukning. Hildur Aðalsteinsdóttir var formlega tekin inn í félagið en fyrir var Anton Magnússon félagi. Talandi um töluna 100, þá afrekaði Anton að fara í yfir hundrað Esjuferðir árið 2019.

Ekki má gleyma að minnast á gönguhópin sem gengur iðulega saman frá Ásvöllum í miðri viku en fer svo á hin ýmsu fell og fjöll um helgar. Allar ferðir eru auglýstar inn á Facebooksíðunni Fjallagengið en þar eru allir meðlimir skokkhópsins velkomnir.

En við hlaupum ekki bara.

Í mars héldum við fræðslufund þar sem Hreiðar fór yfir ýmis hagnýt atriði. Friðleifur Friðleifsson hélt erindi um utanvegahlaup og Eiríkur S. Sigfússon kynnti hlaupaprógramm fyrir Laugavegsfara.

Í byrjun sumars hittumst við á A. Hansen. Þar var kynning á hinum ýmsu hlaupaverkefnum og síðan voru félagaböndin styrkt.

Um mitt sumar héldum við Sumarhátíð sem tókst einstaklega vel og er hún komin til að vera.

Uppskeruhátíðin er alltaf hápunktur ársins og að þessu sinni var hún haldin í Golfskála Keilis. Um daginn fór hópurinn í óvissuferð í boði Hreiðars, þar sem hópurinn fór í Heiðmörk og bjuggu til frábær myndbönd. Ferðin endaði í skála Skógræktar Hafnarfjarðar þar sem Steinar Björgvinsson tók á móti hópnum. Um kvöldið var glæsileg hátíð með þriggja rétta matseðli, skemmtiatriðum og með frábærri innkomu hjá ferðanefndinni þar sem hún ljóstraði upp næstu ferð hópsins. Um kvöldið var einnig tilkynnt um íþróttamenn ársins, sem að þessu sinni voru þeir Rafn Ingólfsson og Vilborg Þórsdóttir en Arna Brynjólfsdóttir var valin nýliði ársins.

Eins og undanfarin ár hélt skokkhópurinn í Kirkjuhlaup á annan í jólum í samstarfi við Ástjarnarkirkju. Þetta er orðinn fastur liður í jólahaldi margra hlaupara. Byrjað var á stuttri hlaupamessu svo var hlaupið milli kirkna í Hafnarfirði og út í Garðakirkju. Eftir hlaup var boðið upp á kakó og hlaðborð. Eins og venjulega var vel mætt af hlaupafélögum víðs vegar að af höfuðborgarsvæðinu.

Hlaupaárinu lauk á gamlárshlaupi skokkhópsins. Þetta er lítið gleðihlaup fyrir félagana. en með hverju árinu sem líður verða búningarnir iburðarmeiri og metnaðarfullri og hlaupaleiðin styttri og styttri. Sú hefð virðist vera að festa sig í sessi að hlaupa á næsta kaffihús, setjast niður og spjalla, áður en haldið er til baka á Ásvelli þar sem skálað er fyrir hlaupaárinu sem er að líða.



Q. KNATTSPYRNUDEILD

Sem fyrr einkenndist tímabilið af miklum krafti í starfinu þar sem iðkendur og þjálfarar unnu að framförum knattspyrnunnar innan Hauka. Árangur var viðunandi og raunar flestir flokkar að skila býsna góðri uppskeru undir lok tímabilsins. Það sem mestu skiptir þó er að iðkendur séu að taka framförum og líði vel í leik og starfi innan knattspyrnueldarinnar sem og þjálfarar og aðrir sem að deildinni koma.

DRENGIR

7. FLOKKUR

Í 7. flokki var farið á Norðurálmótið á Akranesi og stóðu okkar menn sig mjög vel. Keppni í þessum aldursflokki er ekki allt, heldur meira lagt upp úr því að kenna leikinn. Hins vegar er ljóst að nokkrir leikmenn okkar láta sér ekki segjast og keppa af miklum móð hvort sem um æfingar á Ásvöllum er að ræða eða Norðurálmót á Akranesi.

6. FLOKKUR

Með aðstoð Herjólfss frá Landeyjarhöfn héldu orkumiklir fulltrúar Hauka á Orkumótið í Vestmannaeyjum sem óhætt er að segja að sé eitt allra skemmtilegasta knattspyrnumót landsins sem ungir knattspyrnukappar taka þátt í. Engin undantekning var hér á ferðinni og átti 6. flokkur góða daga á góðu Orkumóti í Vestmannaeyjum. Fóru því okkar fulltrúar með bros á vör í Herjólf á leið sinni frá Eyjum til Ásvalla þar sem æft var af miklum móð út sumarið. Flottir iðkendur hér á ferð!

5. FLOKKUR

Eitt stærsta verkefnið hjá 5. flokki var hið uppselda mót á Akureyri, N1-mótið, þar sem okkar menn stóðu sig mjög vel og voru Haukum til sóma. Stórt verkefni fyrir unga leikmenn þar sem fótboltinn er ekki allt heldur einnig lífið fyrir utan fótboltavöllinn, en allt saman skilur þetta vonandi eftir góðar minningar þegar fram í sækir. A-lið félagsins fór mjög vel af stað þar sem það var taplaust eftir fyrstu tvo dagana en fataðist svo aðeins flugið þegar á leið. Á hinn bóginn óx liðum Hauka 5 og 6 ásmegin þegar leið á mótið sem þýddi 3ja sætið í Grísku deildinni hjá Haukum 5 og hjá Haukum 6 var það 4. sætið í Hollensku deildinni. Þeir leikmenn fóru því kátir út Eyjafjörðinn rétt eins og aðrir kappar Hauka heim á leið.

Þegar í Íslandsmótið kom þá gengu hlutirnir ekki alveg jafn vel fyrir sig og endaði A-liðið í neðsta sæti A-deildarinnar og mátti bíta í það súra að falla um deild. En höfum hugfast að það er mótlætið sem herðir okkur! B-liðinu gekk öllu betur og endaði í 8. sæti í sinni A-deild á meðan C-liðið barðist í bökkum lengst af og endaði í 10. sæti í 12 liða deild. Má flokka það sem varnarsigur. Loks var það D-liðið sem sýndi rétt eins og B-liðið, fína spilamennsku inn á milli sem skilaði liðinu 9. sæti í sinni deild.

Heilt yfir flottir, kappsamir og góðir Haukastrákar, sem sýndu flotta frammistöðu lengstum yfir sumarið þó að einhverjir hefðu viljað sjá betri úrslit, þá munu þessir drengir bara verða öflugri þegar fram líður og eru þeir þegar farnir að sýna fína takta í 4. flokki. Já, áfram gakk, vindinn í seglin og áfram HAUKAR!

4. FLOKKUR

Mjög efnilegur 4. flokkur spilaði í A-deildinni rétt eins og flestir okkar flokka. Meðal A-liða var niðurstaðan 8. sæti í tólf liða deild. B-liðið náði svipuðum árangri, þ.e. 9. sæti í sínum riðli. Þá var C-liðið í 8. sæti í sínum riðli. Sem sagt sambærilegur árangur þessara þriggja liða flottra stráka í 4. flokki og áframhaldandi vera í efstu deild. Í fjórða flokki taka leikmenn mikið fótboltalegt þroskaskref, þ.e. að fara úr því að spila á minni velli, þvert á völlinn, yfir í það að spila á stórum velli. Efnilegir leikmenn fá svo einnig tækifæri upp á við og allt gert með því markmiði að leikmenn fái verkefni við sitt hæfi.

Heilt yfir flottir og mjög efnilegir strákar hér á ferð. Áhugavert verður að fylgjast með þessum efnilegu drengjum í 4. flokki í sumar í deild þeirra bestu.



3. FLOKKUR

Eftir nokkra brekku framan af vetri fóru hlutirnir að ganga miklu betur upp þegar á leið og þegar lengra inn á sumarið var komið sáust miklar framfarir. Sumarið gekk mjög vel hjá 3. flokki sem endaði á að vinna sinn riðil, C-riðil, sem þýddi að liðið tók þátt í úrslitakeppni Íslandsmótsins. Árangurinn var því ágætur og með smá heppni hefði liðið náð enn lengra.

Mikill metnaður og geta var til staðar. Um sumarið tóku margir einstaklingar miklum framförum sem og hópur. Vafalaust var lykilatriðið í því æfingaferðin sem farin var erlendis. Í æfingaferðinni var æft 2 sinnum á dag, borðað vel og sofið vel. Því voru allir þættir til staðar sem eru nauðsynlegir til að taka framförum.

Flokkurinn stendur saman af mörgum mjög efnilegum knattspyrnudrengjum sem hafa mjög margt til brunns að bera en svo er það alltaf stóra spurningin hvort og hvað leikmenn eru tilbúnir að leggja á sig til að ná frekari árangri. Enginn vafi leikur á efniviðnum og þessir leikmenn mynda flott lið rétt eins og allir flokkar Hauka, drengja og stúlkna.

Kristófer Jónsson er eini leikmaður Hauka sem spilaði fyrir landslið Íslands, Númi Gíslason og Óliver Steinar Guðmundsson voru kallaðir á úrtaksæfingar U17.

2. FLOKKUR

Fylgdi eftir árangri frá fyrra tímabili og hélt sér í deild þeirra bestu, þ.e. A-deild. Byrjun tímabilsins var feykilega góð, en þegar á leið gáfu okkar menn aðeins eftir en luku tímabilinu með góðum leikjum og enduðu loks í 5. sæti, aðeins fjórum stigum frá verðlaunasæti. Því skal þó haldið til haga að nokkrir leikmenn fengu hlutverk í meistaraflokki sem augljóslega veikti lið okkar manna. B-lið okkar manna í 2. flokki fékk erfitt verkefni þetta sumarið og varð að gera sér 9. sætið að góðu og var í raun aðeins tveimur stigum frá 6. sæti deildarinnar. Hafa ber í huga að A-liðið ræður í hvaða deild liðin spila. Óhætt að segja að strákarnir í 2. flokki hafi lengst af verið að spila fínan bolta og náð fínum sigrum inn á milli, sem sagt virkilega vel gert, 2. flokkur!

STÚLKUR

7. FLOKKUR

Ánægjulegt er að sjá mikla fjölgun iðkenda í 7. flokki. Sumarið var flott og var farið með þrjú lið á Greifamótið á Akureyri, margar að fara á sitt fyrsta gistimót og allar voru þær kátar. Svo eins og í öðrum kvennaflokkum er það stórskemmtilega Símamótið sem er hápunktur sumarsins og þangað



var farið með fimm lið. Lærðist hellingur í sumar og ekki síst á þessum mótum. Skemmtilegar og fjörugar stelpur hér á ferð.

6. FLOKKUR

Flokkurinn er fjölmennur og var farið með fimm lið á Króksmótið. Þar voru þær allar í góðu stuði. Síamótið var svo hápunktur sumarsins og fór flokkurinn einnig með fimm lið þangað. Ásamt því að fara á fleiri minni mót yfir sumarið. Fjölgun hefur verið í flokknum og æfðu þessar stelpur af miklum móð út sumarið. Vel mætt á æfingar og flottar stelpur.

5. FLOKKUR

Átti flott sumar og er með öflugum ungu leikmenn innanborðs. Verkefni flokksins þetta sumarið var Síamótið og Pæjumótið í Eyjum og fór flokkurinn með nokkur lið á bæði mótin. Á lið flokksins spilaði til úrslita á báðum mótunum en 2. sætið varð staðreynd hjá þessum stúlkum. Þá spiluðu lið 2 og 3 til úrslita í einum styrkleikaflokki þar sem lið 2 bar sigur úr býtum eftir mjög skemmtilegan leik sem tók virkilega á, enda margar góðar vinkonur í hópnum. Virkur og flottur hópur hér á ferð sem æfði af miklum krafti um sumarið. Nokkrar stelpur úr þessum flokki voru valdar á Hæfileikamót KSÍ.

4. FLOKKUR

4. flokkur var heldur fámennur þetta árið en æfðu engu að síður af kappi. Þær fengu góðan liðstyrk frá 5. flokki. Þær voru með tvö lið í B riðli Íslandsmótsins og var róðurinn þar nokkuð þungur en þær héldu þó sæti sínu í deildinni. Stelpurnar fóru einnig til Reykjavíkur og spiluðu á REY-Cup og skemmtu sér vel á þessu flotta móti.

3. FLOKKUR

Sumarið gekk vel hjá 3. flokki en þær fóru á Vildbjerg Cup með 2. flokki, þar sem áherslan var lögð á að allir myndu fá að njóta sín og var því liðum aldursskipt. Bæði liðin í 3. flokki spiluðu til úrslita í 2. riðli. 2003 stelpur enduðu í öðru sæti og 2004 í því fyrsta. Flokkurinn lék til úrslita í Bikarkeppni KSÍ. Úrslitaleikurinn var leikinn á Ásvöllum þar sem öll umgjörð var eins og best verður á kosið. Leikið var við Stjórnuna og fór svo að Stjarnan vann leikinn nokkuð örugglega. Í Íslandsmótinu tefldu Haukar fram tveimur liðum. Á lið komst í undanúrslit mótsins þar sem þær töpuðu naumlega fyrir Val. Róður B liðsins var þyngri en þær voru engu að síður leikmenn sem sýndu að þeir lofa góðu fyrir framtíðina. Það sem einkenndi þriðja flokk þetta sumarið var elja og liðsheild. 3. flokkur kvenna átti nokkrar yngri landsliðskonur þetta sumarið, bæði í U16 og U17.

2. FLOKKUR

Haukar tefldu fram 2. flokki kvenna sumarið 2019 eftir smá hlé sem er mikið fagnaðarefni. Flokkurinn fór til Danmerkur og tók þátt í Vildbjerg Cup. Ferðin var virkilega vel heppnuð. Liðið lék í B deild Íslandsmótsins og þrátt fyrir mótlæti bættu stelpurnar sig allt sumarið og verður gaman að fylgjast með þeim á næstu árum.

Eins og áður greinir er mikið fagnaðarefni að það skuli vera búíð að virkja 2. flokk aftur og er það mikilvægt fyrir stelpurnar og félagið í heild sinni upp á framtíðarleikmenn og að ná samfellu á milli yngri flokka og meistaraflokks. Heilt yfir flottur árangur að iðkendur nái framfaraskrefum í sinni íþrótt með þjálfara í fremstu röð á Íslandi!

ANNAÐ Í BARNA- OG UNGLINGASTARFINU

Haldinn var í annað sinn Knattspyrnuskóli PSV Eindhoven í góðu samstarfi við Silfurhafa Hollandsdeildarinnar PSV. Tveir hollenskir þjálfarar úr knattspyrnuakademíu PSV Eindhoven komu til landsins og kenndu ungum iðkendum lykilatriði knattspyrnunnar. Rétt eins og frumraunin, tókst mjög vel til og var skólinn því sem næst uppseldur er tveir 30 manna hópar fylltu Ásvelli fyrir og eftir hádegi. Skoðanakönnun meðal foreldra og forráðamanna sem fylgdi í kjölfarið staðfesti rétt eins og í fyrra að mjög vel tókst til með þetta skiptið og vonandi að þetta verkefni sé að festa sig í sessi.



Hér ber sérstaklega að þakka öllum þeim þjálfurum knattspyrnudeildar Hauka sem lögðu hönd á plóg sem sjálfboðaliðar í þágu deildarinnar. Hér ber að taka hattinn ofan fyrir þessum þjálfurum sem eru með Haukahjartað á réttum stað!

Fjölmarginir iðkendur fengu tækifæri í æfingahópum og yngri landliðsverkefnum og má þar nefna einn okkar efnilegasta leikmann, Kristófer Jónsson, sem lék leik með yngra landsliði, ásamt þeim Núma Gíslasyni og Óliver Steinari Guðmundssyni sem kallaðir voru í æfingahóp yngri landsliða. Margar stúlkur voru valdar í æfingahópa og yngri landsliðsverkefni og má þar nefna Erlu Sól Vigfúsdóttur, Mikaelu Nótt Pétursdóttur og Viktoríu Diljá Halldórsdóttur sem tóku allar þátt í landsliðsverkefni U16 í Króatíu og spiluðu þær Mikaela og Viktoría einnig ásamt Berglinni Þrastardóttur fyrir U15 á móti í Víetnam. Þá voru einnig Berghildur Björt Egilsdóttir, Elín Björg Símonardóttir, Elín Klara Þorkelsdóttir og Vala Björk Jónsdóttir í æfingaverkefnum yngri landsliða.

Mikill stöðugleiki er í þjálfarateyminu og ljóst að knattspyrnudeildin býr að einkar sterku þjálfarateymi sem er einn okkar helsti styrkleiki. Það er einmitt eitt af gildum barna- og unglingsstarfsins að vera ávallt með þjálfara í fremstu röð og gera þannig betur ár frá ári til eflingar barna- og unglingsstarfi knattspyrnudeildarinnar! Það eru spennandi tímar á Ásvöllum með stöðugu og sterku þjálfarateymi þar sem risastór skref verða tekin á næstu árum hvað aðstöðuna varðar með byggingu knattspyrnuhúss á knattspyrnusvæði Hauka – Það er bjart framundan á Ásvöllum!

MEISTARAFLOKKAR

Árangur beggja meistaraflokkanna var undir væntingum og lentum við í nokkrum áföllum bæði karla og kvenna megin sem hafði ýmis áhrif.

Meistaraflokkur kvenna hafnaði í 4. sæti í 1. deildinni en slæm byrjun gerði það að verkum að árangurinn varð undir væntingum. Seinni umferðin hjá meistaraflokki kvenna var frábær þar sem liðið náði 10 sigrum í 11 leikjum. Fjórða sætið staðreynd og nokkur *ef og hefði* hafa ansi oft komið upp í huga manns. Við erum í spennandi verkefni sem heldur áfram á komandi keppnistímabili og markmiðið er ljóst – að spila í efstu deild.

Meistaraflokkur kvenna er skipaður mörgum uppöldum leikmönnum í samræmi við stefnu knattspyrnudeildar og þá bindum við miklar vonir við efnilegar stelpur sem eru fæddar 2003 og 2004 á komandi árum en margar þeirra eru nú þegar byrjaðar að spila með meistaraflokki.


Þjálfarateymi meistaraflokks kvenna eru þau Jakob Leó Bjarnason og Guðrún Jóna Kristjánsdóttir en þau hafa stýrt liðinu undanfarin tvö keppnistímabil. Guðrún Jóna kom jafnframt í fullt starf hjá félaginu þar sem hún þjálfar m.a. 2. og 3. flokk kvenna ásamt Helgu Helgadóttur auk þess sem Guðrún Jóna þjálfar einnig 7. flokk kvenna fyrir utan að sinna afreksþjálfun.

Það var mikið áfall þegar meistaraflokkur karla féll úr 1. deildinni í lokaleik sínum í september síðast liðnum. En þegar maður lendir í áfalli þá skiptir miklu hvernig maður bregst við. Stjórn knattspyrnudeildar ákvað í kjölfarið að semja við Igor Bjarna Kostic um að taka við þjálfun meistaraflokksins auk þess sem hann mun leiða afreksþjálfun innan deildarinnar og byggja upp knattspyrnuakademíu Hauka, bæði karla og kvenna, í samstarfi við aðra þjálfara deildarinnar. Um er að ræða fimm ára samning og bindur stjórn knattspyrnudeildar Hauka miklar vonir við ráðningu Igers Bjarna við að þróa ungt og efnilegt lið Hauka en hann kemur einnig í fullt starf hjá félaginu.

Helga Helgadóttir er einnig í fullu starfi hjá knattspyrnudeild Hauka en hún er aðalþjálfari 6. flokks kvenna auk þess sem hún þjálfar 2. og 3. flokk með með Guðrúnu Jónu. Helga sinnir einnig fjölþættum verkefnum á skrifstofu knattspyrnudeildar og er svo sannarlega stoðin og stytta innan deildarinnar.

Eins og fram hefur þá hefur Knattspyrnudeild Hauka á að skipa afar öflugum og vel menntuðum þjálfurum sem búa yfir mikilli reynslu sem og ungum og metnaðarfullum einstaklingum sem hafa áhuga á þjálfun og að læra af þeim eldri. Það er töluverð fjárfesting að vera með vel menntaða og reynslumikla þjálfara innan sinna vébanda og ljóst er að auka þarf tekjur deildarinnar til að reksturinn gangi enn betur.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KNATTSPYRNUDEILDAR



R. KNATTHÚS Á ÁSVÖLLUM

Þann 29. janúar 2020 var skrifað undir samkomulag á milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthúss á Ásvöllum.

Þau Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri, og Samúel Guðmundsson, formaður Hauka, skrifuðu undir samkomulagið í hinum glæsilega Ólafssal ásamt Geir Bjarnasyni, íþrótt- og tómstundarfulltrúa bæjarins, og Magnúsi Gunnarssyni, framkvæmdastjóra Hauka.

Í samkomulaginu segir m.a. að hefja skuli framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað. Þá segir að aðilar séu sammála um að hefja þegar undirbúningur að hönnun og öðrum nauðsynlegum verkþáttum er varðar byggingu knatthúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingaframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.

Haukar munu svo sannarlega ná hærra með tilkomu knatthúss þar sem knattspyrnudeildin mun geta boðið upp á enn betri þjónustu við sína iðkendur og betri þjálfun og þá mun iðkendum fjölga sem mun efla okkar rekstrarumhverfi enn frekar.

Að knatthús á Ásvöllum rísi fyrr en síðar er gríðarlega mikilvægt og skiptir tímaramminn afar miklu máli. Knattspyrnufélagið Haukar er eitt af stærstu íþróttafélögum landsins og er staðsett í nýjasta hverfi bæjarins sem einnig stækkar örast. Það mun án efa ýta undir lóðasölu í Skarðshlíð og Hamranesi enda vilja ungir og verðandi foreldrar flytja í hverfi þar sem boðið er upp á fyrirmyndar aðstöðu til íþróttaiðkunar, hvort sem barnið velur fótbolta, handbolta, körfubolta, karate eða sund.

Ljóst er að knatthús á Ásvöllum verður bylting fyrir Hauka og Hafnarfjörð!

S. HANDKNATTLEIKSDEILD

Starfsárið sem nú er að klárast verður í minnum haft fyrir Covid 19 áhrifin sem gerði það að verkum að tímabilinu lauk snögglega um miðjan mars án þess að niðurstaða fengist í öll Íslandsmót.

Þegar þetta er skrifað um miðjan maí eru æfingar að hefjast hjá yngri flokkum og með miklum takmörkunum hjá meistaraflökksliðunum okkar. Þegar mótum var slitið í mars var kvennaliðið í 5. sæti og hafði leikið í undanúrslitum Final4 Coca Cola Bikarsins þar sem liðið tapaði og lék því ekki til úrslita. Þjálfaraskipti hafa orðið hjá kvennaliðinu og hefur Árni Stefán Guðjónsson látið af störfum og Gunnar Gunnarsson verið ráðinn í hans stað.



Karlaliðið var í 5. sæti á sama tíma og féll einnig úr leik í Final4 Bikarkeppninni. Æfingar eru að hefjast aftur hjá liðinu undir stjórn nýs þjálfara þar sem Gunnar Magnússon hefur látið af störfum eftir 5 farsæl ár. Aron Kristjánsson hefur tekið við liðinu og honum til aðstoðar verður Einar Jónsson sem hefur séð um þjálfun og utanumhald yngri liða meistaraflokks og 3. flokks undanfarin ár.

Starf yngri flokka var í góðu horfi fram að æfingabanni vegna Covid 19 og er þessa dagana verið að koma starfinu af stað aftur eftir bestu getu. Árangur hefur verið góður og mikill efniviður sem vonandi kemur til með að styðja þau markmið okkar að byggja liðin okkar að mestu leyti á uppöldum leikmönnum Hauka.

Helsta áskorun okkar sem stöndum í brúnni er að bregðast við því tekjufalli sem við höfum orðið fyrir nú í vor svo mögulegt verði að hefja starfið af krafti í haust eða þegar keppni verður leyfð á ný.

Strax var brugðist við að leita samninga við alla leikmenn, þjálfara og starfsmenn, um tímabundna lækkun samninga sem allir samþykktu. Unnið er að lausnum en ljóst að þær bætur sem boðaðar hafa verið af ríkisvaldinu liggja ekki fyrir og berast allt of seint.

Það eru skýr markmið okkar hér eftir sem hingað til að efla starfið á öllum sviðum, að gera stóráttak til að efla almennt félagstarf yngri sem eldri.

ÚR ÁRSSKÝRSLU HANDKNATTLEIKSDEILDAR

T. KÖRFUKNATTLEIKSDEILD

Árið 2019 hafði sína kosti og galla fyrir Körfuknattleiksdeild Hauka. Á körfuboltavellinum hefur gengið oft verið betra en bæði kvenna- og karlaliðin náðu ekki að tryggja sæti í úrslitakeppni tímabilsins 2018–2019. Stærstu fréttirnar voru svo þær að Ívar Ásgrímsson, sem starfað hafði við þjálfun og á skrifstofu Hauka í yfir sjö ár steig frá og í kjölfarið þurfti þó nokkra endurskipulagningu. Deildin vill koma á framfæri miklu þakklæti til Ívars enda þau störf sem hann hefur unnið fyrir deildina og félagið ómetanleg og átti hann t.d. mikinn þátt í skipulagningu og utanumhaldi á því verkefni sem er Ólafssalur auk þess að hafa skilað góðri þjálfun og árangri inni á vellinum.

Sem hluti af endurskipulagningu starfseminnar var Stefán Þór Borgþórsson ráðinn framkvæmdastjóri deildarinnar og ber hann ábyrgð á daglegu starfi og rekstri í kringum bæði yngri flokka og meistaraflokka deildarinnar. Einnig var Emil Barja ráðinn yfirþjálfari yngri flokka og með því vill deildin leggja mikla áherslu á gæði yngri flokka starfs.

Fyrir tímabilið 2019–2020 var Ólöf Helga Pálsdóttir ráðin áfram sem aðalþjálfari meistaraflokks kvenna og henni til aðstoðar var ráðinn Bjarni Magnússon. Nýr þjálfari var ráðinn fyrir meistaraflokk karla en það var spænski þjálfarinn Israel Martin, sem áður hafði þjálfað Tindastól við góðan orðstír, og honum til aðstoðar var einnig Bjarni Magnússon. Þegar tímabilið var hálfnað voru bæði lið í góðri stöðu til að tryggja sér sæti í úrslitakeppnum.

Af leikmannamálum var það helst að fréttu að nokkrir leikmenn ákváðu að koma aftur heim í sitt uppeldisfélag, þar má nefna Lovísu Henningsdóttur, Auði Ólafsdóttur, Emil Barja, Breka Gylfason, Yngva Óskarsson og Kára Jónsson.

Stjórn deildarinnar helst óbreytt en formaður er Bragi Hinrik Magnússon, varaformaður er Tóbías Sveinbjörnsson og gjaldkeri er Guðmunda Matthíasdóttir. Samtals eru 10 manns í stjórn deildarinnar.

Starfið í yngri flokkunum er mjög blómlegt. Mikill fjöldi er í flestum flokkum en þó þyrfti að vera meiri fjöldi í allra yngstu hópunum. Ein leið sem deildin fór til að bregðast því var að fara af stað með leikskólahóp í fyrra. Gekk það ágætlega en fyrir þetta tímabil, þegar settur var betri æfingartími, fjölgaði vel og bindum við vonir við að þessi nýi flokkur muni hjálpa okkur að efla starfið til lengri tíma. Félagið tefldi fram flokkum í öllum mótum KKÍ og erum við eitt fárra félaga sem gerir það.

Engir titlar komu í hús hjá yngri flokkunum en strákarnir í 7. flokki léku á lokamótinu, 9. flokkur drengja fór í úrslitaleik bikarkeppninnar en þar töpuðu þeir fyrir Stjórnunni og fengu þeir því silfur. Sami flokkur lék einnig í undanúrslitum Íslandsmótsins og töpuðu í ótrúlegum leik með flautukörfu.



Áframhald varð á starfsemi Special Olympics hópnum okkar sem hóf æfingar haustið 2018. Hefur þessi hópur stækkað og dafnað og er að festa sig í sessi sem hluti af starfsemi körfuknattleiksdeildarinnar.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KÖRFUKNATTLEIKSDEILDAR

U. KARATEDEILD

Keppnishópur Karatedeildarinnar fer ört stækkandi og með aukinni reynslu fjölga þeim keppendum sem keppa um verðlaun. Hjördís Helga Ægisdóttir vann til fjölda verðlauna á árinu og hélt sæti sínu í Kumitelandslíðinu. Meiðsli undir lok sumars settu þó strik í reikninginn fyrir haustönnina og missti Hjördís af Íslandsmeistaramótum unglunga og fullorðinna vegna þeirra.

Á árinu fékk deildin nýjan búnað til að geta boðið iðkendum upp á fjölbreyttar og góðar æfingar. Sem dæmi má nefna þrek-kaðla og ýmsar aðrar vörur sem hjálpa Karatefólki að auka styrk og snerpu. Nú þegar hafa þjálfarar og iðkendur deildarinnar notið góðs af þessum búnaði og munum við halda því áfram.

Kristján Ó. Davíðsson er formaður deildarinnar, Helgi Kumar er gjaldkeri og Gunnlaugur Sigurðsson er enn yfirþjálfari deildarinnar. Aðrir þjálfarar hjá deildinni á árinu voru Kristján Ó. Davíðsson, Eva Ósk Gunnarsdóttir og Hjördís Helga Ægisdóttir.

Eftirtaldir einstaklingar voru tilnefndir af karatedeildinni til Íþróttamanns og konu Hauka og þjálfara Hauka og fengu af því tilefni viðurkenningu frá aðalstjórn:

Hjördís Helga Ægisdóttir var tilnefnd sem Íþróttakona Hauka, Eva Ósk Gunnarsdóttir var tilnefnd sem Þjálfari Hauka.

ÚR ÁRSSKÝRSLU KARATEDEILDAR

Ú. BLAK

Sú starfsemi sem hefur verið í nafni félagsins er nú aflögð. Hópurinn er nú sjálfstætt félag innan vébanda ÍBH – Blakfélag Hafnarfjarðar.

V. GOLF

Fyrsta golfmót Hauka var haldið sumarið 1989 í Hvammsvík í Hvalfirði. Þátttakendur voru um 20. Ógleymanlegt veður og almenn ánægja með mótið varð til þess að ákveðið var að halda Haukagolfmót að ári. Mótið var haldið í Hvammsvíkinni til 1992 en var þá flutt á Hvaleyrarvöllinn.

Mótið var í umsjá bræðranna Guðmundar og Ingimars Haraldssona í fyrstu en eftir að það var flutt á Hvaleyrina bættist Guðmundur Friðrik Sigurðsson í hópinn.

„Haukum í holu“ hefur síðan fjölgað jafnt og þétt og voru þeir um 100 í síðasta móti í september síðast liðnum. Keppt hefur verið um Rauða Jakkann frá upphafi, í fyrstu var notast við vínrauðan vinnujakka af Inga sem hann var hættur að nota. Síðan var sérsaumaður nýr rauður jakki sem gefinn var af Sparisjóði Hafnarfjarðar og er enn keppt um þann jakka. Keppnin er tvískipt. Í punktakeppni er keppt um Rauða Jakkann en í högggleik er keppt um Baddaskjöldinn og núna Haukabikarinn.

Veitt eru verðlaun fyrir 1.–3. sæti í punktakeppni auk glæsilegra nándarverðlauna.

Frá árinu 2013 hefur einnig verið keppt um titilinn Öldungameistari Hauka til minningar um Ólaf H. Ólafsson.

Þeir félagar, Bjarni Hafsteinn Geirsson og Guðbjartur Jónsson heitinn, sáu um að Haukafáninn væri dreginn að húni og félagsfáninn settur upp í golfskálanum á Hvaleyrinni. Tóku þeir á móti keppendum, gengu frá skorkortum eftir keppni og sáu um að allt gengi upp. Sannarlega hrókar alls fagnaðar.

Félagar Badda heitins í veiðiklúbbnum Haukur á stöng gáfu árið 2005 silfurskjöld – Baddaskjöldinn – til keppni í högggleik án forgjafar. Keppt var um skjöldinn í 10 ár. Skjöldurinn er nú í vörslu félagsins.



ÚRSLIT Í HAUKAMÓTINU 2019

Föstudaginn 6. september 2019 fór fram á Hvaleyrarvelli Golfmót Hauka 2019. Úrslit urðu eftirfarandi:

Rauði jakkinn/punktakeppni: 1. Halldór Ásgrímur Ingólfsson, 2. Guðmundur Haraldsson, 3. Haukur Jónsson.

Guli boltinn/öldungur: Halldór Ásgrímur Ingólfsson. Haukakannan: Haukur Jónsson.

Næst holu: 4. braut, Finnbogí Aðalsteinsson, 6. braut, Kristófer H. 10. braut, Guðmundur Örn Óskarsson, 15. braut, Snorri Páll Ólafsson.

Verðlaunaafhending fór fram að móti loknu og fór enginn keppandi sem var viðstaddur tómhentur heim. Sátu menn fram eftir kvöldi og ræddu landsins gagn og gaman, komandi keppnistímabil í handbolta, körfu og karate og því sem er að ljúka í fótboltanum.

Veður var ágætt þennan dag og golfvöllurinn í toppstandi. Mótstjórn þakkar Golfklúbbnum Keili og hans starfsmönnum, Brynju og co. í veitingasölu og hennar starfsfólki svo og öllum styrktaraðilum og gefendum verðlauna/vinninga kærlega fyrir veittan stuðning.

ÁFRAM HAUKAR

W. VEIÐI

Haukur á stöng og Mokveiðideildin hafa starfað blómlega um margra áratuga skeið og sótt björg í bú í ár og vötn, innanlands sem utan. Fyrri hópurinn er fámennur og lokaður öðrum en formönnum félagsins og deilda þess og eru inntökuskilyrði afar ströng. Mokveiðideildin, sem er fjölmenn, samanstendur aðallega af stuðningsmönnum handknattleiksdeildar félagsins. Inntökuskilyrði eru þar rýmri en færri komast þó að en vilja.

Sem fyrr var afli tregur þetta árið að sögn heimildarmanna.

X. HAFNARFJARÐARBÆR

Árið 2019 var sem fyrr viðburðaríkt ár í samskiptum Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka. Í byrjun árs voru settir upp hluti af áhorfendabekkjum í Ólafssal og má segja að nú vanti aðeins lokahykkinn á að Ólafssalur, einn glæsilegasti íþróttasalur landsins, verði fullgerður og útbúinn með þeim hætti að körfuknattleiksdeild félagsins getur bæði æft og keppt í þessum glæsilega sal. Í salnum eru nú sæti fyrir um 650 áhorfendur, en þegar bekkir koma við báða enda salar munu um 1.050 áhorfendur geta setið allt umhverfis völlinn og að auki eru svalir sem umlykja völlinn sem einnig er mögulegt að nýta á stærstu íþróttaviðburðum.

Á undanförunum misserum hafa Haukar lagt mikla vinnu í að undirbúa byggingu knatthúss, en fyrir löngu er orðin þörf á knatthúsi á Ásvöllum. Bæði er það að innanhússaðstaða á Ásvöllum er engin fyrir iðkendur knattspyrnu og síðan hefur íbúum í nærumhverfi fjölgað verulega og þá sérstaklega vegna nýrrar íbúðabygðar á Völlum og nú í Skarðshlíð og Hamranesi.

Á vordögum 2018 var undirrituð viljayfirlýsing milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um byggingu knatthúss og í fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar fyrir árin 2018–2021 var þar gert ráð fyrir að á árinu 2017 yrðu framkvæmdir hafnar við uppbyggingu íþróttamannvirkja samkvæmt tillögum Íþróttabandalags Hafnarfjarðar sem samþykktar voru á þingi bandalagsins árið 2017. Samkvæmt tillögunum var gert ráð fyrir að á árunum 2018–2021 yrði unnið að byggingu knatthúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum og er í fjárhagsáætluninni gert ráð fyrir að á árinu 2018 yrði undirritað samkomulag um undirbúning og hönnun þess verkefnis.

Með vísan til þess sem hér er að framan ritað lýstu aðilar yfir sameiginlegum vilja um að láta vinna nýtt deiliskipulag fyrir Ásvelli með staðsetningu knatthúss í huga. Þar var gert ráð fyrir að knatthúsið myndi rísa norðaustan við núverandi keppnisvöll félagsins.

Samhliða framangreindu var það áætlun aðila að setja á laggirnar undirbúningsnefnd sem myndi fjalla um gerð og hönnun hússins og skyldi stefnt að því að nefndin myndi skila niðurstöðum sínum fyrir 1. nóvember 2018.



Jafnframt myndi Knattspyrnufélagið Haukar afsala sér lóðarskika, vestan íþróttamiðstöðvar, til bæjarins og myndi núverandi lóð Knattspyrnufélagsins Hauka því minnka til samræmis við það. Aðilar voru sammála um að umræddur lóðarskika yrði ætlaður til annarra nota en byggingu íþróttamannvirkja.

Umrædd lóð, Ásvellir 1, er í eigu Hafnarfjarðarbæjar en var úthlutað til Knattspyrnufélagsins Hauka árið 1989. Fyrir liggur að formlegur lóðarleigusamningur vegna lóðarinnar hefur ekki verið undirritaður og eru aðilar sammála um að því þurfi að ljúka sem allra fyrst.

Þegar nýtt samþykkt deiliskipulag liggur fyrir og framangreint verður uppfyllt, er gert ráð fyrir að gengið verði frá formlegum samningi milli aðila um undirbúning og hönnun byggingar knatthúss að Ásvöllum.

Undirritun þessi var formlega staðfest af bæjarstjóra, Haraldi L. Haraldssyni, og framkvæmdastjóra Hauka, Magnúsi Gunnarssyni, þann 14. maí 2018.

Frumkvæði að þessari viljayfirlýsingu kom frá Knattspyrnufélaginu Haukum en þar lýstu Haukar sig reiðubúna til að afhenda lóðarskika undir 80–100 íbúðir á miðsvæði Hauka, gegnt Ásvallarlaug til að auðvelda fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar á byggingu fullkomins knatthúss.

Bæjarráð skipaði síðan starfshóp um verkefnið og var fyrsti fundur starfshópsins haldinn þann 11. september 2018. Í starfshópnum sátu Kristinn Andersen, formaður starfshóps, Anna Karen Svövdóttir, Jón Garðar Snædal Jónsson, Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson og síðar Eiður Arnar Pálmason og Jóhann Unnar Sigurðsson. Með starfshópnum störfuðu Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, Íþrótt- og tómsundafulltrúi, Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs og Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka.

Starfshópurinn hélt fjölmarga fundi og leitaði fanga um hönnun og gerð knatthúsa, fór í vettvangsferðir og aflaði upplýsinga um væntanlega fólksfjölgun á nærsvæðum, en mikil uppbygging á sér nú stað í Skarðshlíð og í Hamranesi. Í framhaldi þeirrar vinnu var unnið að húsrýmisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum. Þá var unnið að staðsetningu knattspyrnuhússins með Péttri Jónssyni frá Landark.

Áætlanir undirbúningshópsins liggja nú fyrir og skilaði hópurinn skýrslu til bæjarráðs 21. nóvember 2019 og er þar gert ráð fyrir að byggt verði knatthús í fullri stærð, 120 metrar á lengd og 82,5 metrar á breidd með aðstöðu fyrir um 800 áhorfendur. Húsið verður upphitað og tengibygging sem byggð verður við enda knatthússins, um 800 fermetrar að stærð, verður þjónustuhús með aðkomuadstöðu, búningsaðstöðu, áhaldageymslu og annarri stoðþjónustu tengdri starfsemi. Knatthúsið mun rísa á grasæfingarsvæði félagsins norðaustan Íþróttamiðstöðvar og þjónustubygging knatthússins mun liggja að núverandi keppnisvelli félagsins. Áður voru áform um að knatthúsið myndi verða staðsett sunnan við samkomusal félagsins, en frá því hefur verið horfið.

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 16. janúar 2020 samkomulag milli Hafnarfjarðarbæjar og Knattspyrnufélagsins Hauka um framkvæmdina og vitnað er þar í gerð nýs deiliskipulags á svæðinu. Í hinu nýja deiliskipulagi er skilgreind ný lóð undir íbúðabyggð, þar sem gert er ráð fyrir 100 til 110 íbúðum. Hæð húsa verði 2–5 hæðir. Bílakjallari verður undir byggingunum fyrir 90 bílastæði og 60 bílastæði ofanjarðar. Þá er gert ráð fyrir að byggt verði fjölnota knatthús nyrst á lóðinni. Stærð knatthússins verði 9.900 m² og hæð verði 25 metrar yfir miðju vallar, en 12 metrar í hliðum. Gert er ráð fyrir 230 nýjum bílastæðum vestan og norðan megin við knatthús. Að öðru leyti gilda eldri skilmálar deiliskipulagsins.

Eftirfarandi er sérstaklega tiltekið í samkomulagi aðila:

1. Bæjarráð skal skipa í sérstaka framkvæmdanefnd, þrjá fulltrúa frá Hafnarfjarðarbæ og tvo fulltrúa sem tilnefndir eru frá Knattspyrnufélaginu Haukum. Skal bæjarráð gera framkvæmdanefnd sérstakt erindisbréf.
2. Í skýrslu starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum er sett fram tillaga að gerð knatthúss og áfangaskiptingu sem og fjármögnun verkefnisins. Samkomulag er um að hefja framkvæmdir við fyrsta áfanga verkefnisins samhliða því að lóðum á Ásvöllum verði úthlutað.
3. Aðilar eru sammála um að hefja þegar undirbúning að hönnun og öðrum nauðsynlegum

- verkbáttum er varða byggingu knatthúss. Skal jafnframt horft til þess möguleika að byggingaframkvæmdum verði hraðað ef hagstæðir samningar nást þar um.
4. Tekjur af innheimtum lóðaverðum (gatnagerðargjald + byggingarréttargjald) vegna hinnar nýju íbúðarbyggðar verði nýttar til uppbyggingar knatthúss á Ásvöllum.
 5. Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig til að fjármagna verkefnið að öðru leyti. Ákvörðun um fjármagn til verkefnisins er tekin af bæjarstjórn í fjárhagsáætlun hvers ár og eða við breytingu fjárhagsáætlunar þess.

Ofangreindu samkomulagi var síðan vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar og var samkomulagið staðfest í bæjarstjórn Hafnarfjarðar þann 22. janúar 2020.

Þegar þetta er ritað má segja að öll formsatriði séu uppfyllt og þegar nýtt deiliskipulag liggur fyrir, nú á vordögum, er það hlutverk skipaðrar framkvæmdanefndar að vinna að framgangi verkefnisins af fullum krafti. Undirbúningurinn hefur tekið langan tíma, en sá tími hefur verið vel nýttur og fyrir liggur að senn hefjist uppbygging á glæsilegu mannvirki sem lengi hefur verið beðið eftir.

Þess má einnig geta að Knattspyrnufélagið Haukar hefur lagt inn umsókn um hámarksstyrk úr mannvirkjasjóði KSÍ 2020–2023 til byggingar knattspyrnuhúss á Ásvöllum.

Ljóst er að bygging knattspyrnuhúss á Ásvöllum er stórt og mikilvægt skerf í innviðaupbyggingu fyrir íbúa nærsvæða Ásvalla, en íbúum svæðisins fer sífellt fjölgandi.

Knattspyrnufélagið Haukar er afar ánægt með framsýni bæjarstjórnar Hafnarfjarðar að halda áfram kröftugri uppbyggingu á íþróttasvæði félagsins. Að skapa góða aðstöðu til íþróttaiðkunar er án efa góð leið til að efla og styrkja börn og unglinga til að taka þátt í margbreytileika daglegs lífs. Ofangreindu samkomulagi var síðan vísað til afgreiðslu bæjarstjórnar, þar sem samkomulagið var staðfest.

Á árinu var unnið að nokkrum viðhaldsverkefnum á húsnæði Íþróttamiðstöðvarinnar á Ásvöllum, en fjárveitingar til viðhaldsverkefna hafa á undanförunum árum verið af skornum skammti. Helst hefur verið unnið að því að koma í veg fyrir leka, en leki í húsnæði hefur verið vandamál um langa hríð. Það er því ánægjulegt að svo virðist sem nokkuð hafi áunnist í þeim málum á árinu 2019. Þá er gert ráð fyrir að á árinu 2020 verði húsnæði Íþróttamiðstöðvar málað að utan og um leið unnið að viðgerðum til að fyrirbyggja leka.

Samstarf starfsfólks Hauka og starfsmanna Hafnarfjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og er starfsmönnum Hafnarfjarðarbæjar hér þökkúð ánægjuleg samskipti á árinu 2019.

Y. ÍBH

Fulltrúi Hauka í stjórn ÍBH er Magnús Gunnarsson. Íþróttabandalag Hafnarfjarðar var stofnað þann 28. apríl 1945 að tilhlutan Íþróttaráðs Hafnarfjarðar, Fimleikafélags Hafnarfjarðar, Knattspyrnufélagsins Hauka og Skíða- og skautafélags Hafnarfjarðar. Þessi þrjú íþróttafélög teljast því stofnendur Íþróttabandalags Hafnarfjarðar. Tvö þeirra hafa eflst og vaxið, en starfsemi Skíða- og skautafélagsins lagðist niður eftir 1960.

Stefna ÍBH og framtíðarsýn er skýr og stjórn ÍBH hefur mótað sameiginlega sýn til framtíðar með heildarhagsmuni aðildarfélaga að leiðarljósi. Í því felst að skerpa á þeim forgangsaðherslum sem ÍBH og aðildarfélög bandalagsins eiga að vinna að, auka skilvirkni bandalagsins og skilning á milli þeirra félaga sem að íþróttabandalaginu standa og efla vinnubrögð og samhljóm viðhorfa hjá félagsmönnum ÍBH. Ávinningur er því skýr stefna og áherslur, skilvirkara kerfi til að vinna eftir og sterkari liðsheild sem vinnur samstíga að því að byggja upp farsælt samstarf og efla á allan hátt starfsemi ÍBH og samkennd innan bandalagsins.

Á árinu 2016 voru rekstrar- og þjónustusamningar milli Hafnarfjarðarbæjar og íþróttafélaganna endurnýjaðir. Frá þeim tíma hefur verið unnið að því að styrkja og efla rekstrar- og þjónustusamning aðila enn frekar og í byrjun árs 2019 var undirritaður þjónustusamningur þar sem er tryggt að ÍBH fái áfram stuðning til að reka skrifstofu sína og sinna þeim verkefnum sem tíunduð eru í samningnum, en þau eru m.a. yfirumsjón með stjórn íþróttamála, að tryggja að íþróttafélög haldi rétt bókhald,



halda utan um tölfræði, veita íþróttafélögum ráðgjöf og stuðning, reka m.a. afreksmannasjóð, vera samstarfsvettvangur allra félaganna, taka þátt í fjölmörgum samstarfsverkefnum með Hafnarfjarðarbæ og fylgjast með gæðaviðmiðum varðandi starfsemi íþróttafélaga.

Í samstarfssamningi — sem er í raun regnhlífasamningur milli allra íþróttafélaga og Hafnarfjarðarbæjar — er skilgreind stefnumörkun fyrir öll samskipti og samvinnuverkefni milli þessara aðila. Samningurinn tryggir að samið sé við íþróttafélög um þá þjónustu sem þau veita bæjarbúum út frá fjölda barna sem iðka greinarnar og hlutdeild Hafnarfjarðarbæjar í rekstri og viðhaldi á íþróttamannvirkjum. Samningurinn tryggir að íþróttafélögin í umboði ÍBH fái æfinga- og keppnistíma í íþróttamannvirkjum í sveitarfélaginu. Í samningnum er ákvæði þar sem Hafnarfjarðarbær skuldbindur sig að taka þátt í að byggja upp íþróttamannvirki í takt við þróun og óskir íþróttafélaganna. Samningurinn festir í sessi starf eftirlitsnefndar með fjármálum íþróttafélaga sem skoðar og greinir fjárhag og rekstur íþróttafélaganna. Í gegnum þennan samning er formleg samþykkt um stofnun óháðs fagráðs sérfræðinga í Hafnarfirði sem tekur á ágreinings- og álitamálum frá íþróttafélögum í Hafnarfirði varðandi mál sem tengjast ofbeldi, þar á meðal kynferðislegu ofbeldi og eineltismálum.

Íþróttabandalag Hafnarfjarðar (ÍBH) hefur unnið að því að uppfylla þau gæðaviðmið sem Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands setur fyrir íþróttahéruð/íþróttabandalög. Gæðaviðmiðin eru m.a. fólgin í því að það séu til stefnur og verkferlar um allt starf samtakanna, auk þess sem fjármál og rekstur samtakanna þurfa að vera í lagi. ÍBH er sjötta íþróttahéraðið/íþróttabandalagið af tuttugu og fimm til þess að ávinna sér nafnbótina Fyrirmyndarhérað ÍSÍ og gildir hún í fjögur ár.

Stjórn Afrekssjóðs ÍBH samþykkti að breyta reglugerð um sjóðinn og eru þær eftirfarandi: ferðastyrkir einstaklinga með félagsliði verða hámark 4 á ári, ferðastyrkir einstaklinga með landsliði verða hámark 4 á ári, afrekssstyrkir lækka úr kr. 70.000 í kr. 60.000 hver styrkur, fararstjórastyrkir lækka úr kr. 80.000 í kr. 70.000 hver styrkur, EM félagsliða styrkir í 2 umferðir að hámarki á ári á lið, umsækjendur sem fá greiðslur vegna þátttöku sinnar í verkefnum frá sérsamböndum eða alþjóðasambandi sem nema 100% af kostnaði geta ekki sótt um styrk úr Afrekssjóði ÍBH og sækja þarf um styrki innan tveggja mánaða frá því að ferð er lokið. Breytingarnar taka gildi frá og með 15. nóvember 2019. Fulltrúi Hauka í stjórn afrekssjóðs er Samúel Guðmundsson.

Föstudaginn 27. desember 2019 fór fram árleg Íþrótt- og viðurkenningarhátíð Hafnarfjarðarbæjar í Íþróttahúsinu við Strandgötu. Anton Sveinn Mckee sundmaður úr Sundfélagi Hafnarfjarðar var kjörinn Íþróttakarlf Hafnarfjarðar og Þórdís Eva Steinsdóttir frjálsíþróttakona úr Fimleikafélagi Hafnarfjarðar var kjörin Íþróttakona Hafnarfjarðar. Þá var Badmintonfélagi Hafnarfjarðar veittur ÍSÍ bikarinn fyrir öflugt starf félagsins, en félagið hélt upp á 60 ára afmæli á árinu 2019.

Styrktarsamningur fyrir iðkendur yngri en 18 ára hjá aðildarfélögum ÍBH var endurnýjaður þann 27. desember 2019 til eins árs. Um er að ræða samning milli ÍBH, Rio Tinto á Íslandi og Hafnarfjarðarbæjar um að efla gæði í starfi íþróttafélaga í Hafnarfirði. Í samningnum eru m.a. hvatar um reglulega ástundun iðkenda, eflingu menntunar þjálfara, eflingu námskrárgerðar íþróttafélaga/íþróttadeilda og jafnréttishvati. Árið 2019 greiddi hvor aðili kr. 10.000.000. Samningur á milli Íþróttabandalagsins í Hafnarfirði, Rio Tinto og Hafnarfjarðarbæjar um úthlutun íþróttastyrkja hefur verið í gildi frá árinu 2001.

Árið 2019 var viðburðarríkt í hafnafirsku íþróttalífi og starfsemi ÍBH var þróttmikil og áhugaverð og mikilsverð mál voru þar til lykta leidd.

Ý. LOKAORÐ

Liðið starfsár hefur verið mjög viðburðarríkt og jafnframt ánægjulegt. Ár þar sem tekist hefur að halda áfram öflugtu starfi við að styrkja rekstur félagsins. Við Haukar horfum bjartsýnir á komandi ár þar sem við munum sjá framkvæmdir hefjast við nýtt glæsilegt knatthús nái áætlanir okkar fram að ganga. Knatthús sem verður með löglegum keppnisvelli fyrir leiki í efstu deild samkvæmt stöðlum KSÍ og að auki með áhorfendastúku fyrir allt að 800 manns. Knatthúsið mun jafnframt sóma sér vel við hlið okkar metnaðarfullu bygginga hér á Ásvöllum.



Bæjaryfirvöld í Hafnarfirði hafa á undanförunum árum sýnt gildi íþróttá- og æskulýðsstarfs mun meiri skilning en áður og ber að þakka bæjarstjórn fyrir mikinn velvilja og stuðning við íþróttir í Hafnarfirði og þá sérstaklega hér á Ásvöllum.

Íþróttafélög í fremstu röð hér á landi eins og Haukar munu ekki eflast og dafna nema að sjálfboðaliðar vinni mjög mikið og óeigingjarnt starf fyrir sitt félag. Haukar hafa á að skipa fjölmennu og öfluglu liði sjálfboðaliða og starfsmanna sem vinna ómetanlegt og gott starf fyrir félagið. Sjálfboðaliðum og starfsmönnum Hauka er þakkað fyrir gríðarlega gott starf fyrir félagið á liðnu ári.

Helstu verkefni á komandi starfsári eru:

- Halda áfram vinnu við að styrkja rekstur félagsins
- Vinna áfram að uppbyggingu Ásvalla þar sem markmiðið er að hefja byggingu knattspyrnuhúss við Ásvelli á þessu ári
- Stuðla að nýliðun í sjálfboðaliðastarfi fyrir félagið og hvetja yngra fólk til að starfa fyrir Hauka

Haukar verða 90 ára á næsta ári og er vinna við undirbúning afmælisins hafin undir styrkri stjórn varaformanns Hauka. Mörg önnur spennandi verkefni við viðhald og uppbyggingu okkar öfluga félags eru framundan eins og fram hefur komið hér að framan.

Ég hef nú verið formaður Hauka frá 2014 sem er að mínu mati hæfilegur tími fyrir formann félags og æskilegt fyrir okkar félag að nýr formaður taki við keflinu á nýju ári. Ég hef haft mikla ánægju af starfi Hauka og að kynnast öllu þessu frábæra fólki sem starfar innan félagsins á þeim yfir 20 árum sem ég hef starfað innan raða Hauka. Hef ég ákveðið að bjóða fram starfskrafta mína til að stýra Haukum áfram á næsta starfsár, fái ég áfram traust félagsmanna til að stýra félaginu sem þó mun verða mitt síðasta starfsár sem formaður.

ÁFRAM HAUKAR

— *Samúel Guðmundsson, formaður*

FYLGISKJÖL:

1. Skýrsla starfshóps um knattþús
2. Ársreikningur aðalstjórnar 2019
3. Ársreikningur Rekstrarfélags Hauka ehf. 2019



FYLGISKJAL 1 SKÝRSLA STARFSHÓPS UM KNATTHÚS

Fjárfest til framtíðar í vaxandi byggð

- Samantekt starfshóps um uppbyggingu á Ásvöllum-



Samanteknar niðurstöður

- Hús til knattspyrnuíðkunar verði næsti áfangi í uppbyggingu Hafnarfjarðarbæjar á Ásvöllum sem íþróttasvæðis fyrir vaxandi byggð í nýjum hverfum bæjarins.
- Verkefnið er liður í uppbyggingu til næstu áratuga í suðurhluta Hafnarfjarðar og tengist uppbyggingu nýrra íbúðasvæða og fjölgun íbúa sem áætluð er í hverfum við Ásvallasvæðið á næstu árum.
- Uppbyggingin bætir þjónustu við íbúa í nágrenni Ásvalla, gerir svæðið ákjósanlegra fyrir nýja íbúa og gerir það eftirsóknarverðara til að ungt fólk og fjölskyldur velji sér þar búsetu.
- Þessu langtíma verkefni er áfangaskipt þannig að árleg fjármögnun Hafnarfjarðarbæjar úr framlagi til uppbyggingar íþróttamannvirkja sé viðráðanleg og gefi jafnframt svigrúm fyrir framkvæmdir fyrir aðra íþróttastarfsemi.
- Um er að ræða samvinnuverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Hauka, þar sem íbúabyggð á svæði sem Haukar leggja til skilar tekjum til framkvæmda meðan á uppbyggingu stendur.

Starfshópurinn – skipan og erindisbréf

Bæjarráð Hafnarfjarðar skipaði 30. ágúst 2018 starfshóp um uppbyggingu á Ásvöllum í samræmi við viljayfirlýsingu frá 24. maí sama ár. Í erindisbréfi starfshópsins kemur eftirfarandi fram:

Meginverkefni hópsins er að fjalla um gerð og hönnun knattþúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum og staðsetningu á Ásvöllum. Stefnt er að því að hópurinn skili niðurstöðu fyrir 1. nóvember 2018.

Unnið verður skv. fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar 2018-2021 og viljayfirlýsingu milli Hafnarfjarðarkaupstaðar og Hauka sem samþykkt var í bæjarráði 22. maí 2018. Á árinu 2018 verði gert samkomulag um undirbúning og hönnun.

Hópin skipuðu af hálfu bæjarráðs Kristinn Andersen, formaður hópsins, Anna Karen Svövdóttir og Jón Garðar Snædal Jónsson og af hálfu Hauka Samúel Guðmundsson og Ágúst Sindri Karlsson, auk



Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019

Þess sem Magnús Gunnarsson, framkvæmdastjóri Hauka, starfaði með hópnum. Í júní 2019 tók Eiður Arnar Pálmason við af Ágústi Sindra og svo Jóhann Unnar Sigurðsson. Enn fremur störfuðu með hópnum af hálfu Hafnarfjarðarbæjar Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagsþjónustu, Geir Bjarnason, íþrótt- og tólmstundafulltrúi og Rósa Steingrímsdóttir, sviðsstjóri fjármálasviðs.

Við lok upphaflegs skipunartíma kynnti formaður hópsins þann 8. nóvember 2018 stöðu verkefnisins og óskaði eftir að umboð hópsins yrði framlengt, sem var samþykkt. Vinnunni var haldið áfram, hún var kynnt í bæjarráði 28. ágúst 2019 og er lokið með þessari samantekt 21. nóvember 2019.

Starf hópsins

Hópurinn hóf störf í september 2018 og hefur samtals haldið 20 fundi, sem skráðir hafa verið og fundargerðir lagðar jafnharðan fram fyrir bæjarráð. Í störfum sínum hefur hópurinn m.a. komið að eftirfarandi:

- Unnið að húsrýmisáætlun knattspyrnuhúss með Helga Má Halldórssyni og Andra Klausen frá ASK arkitektum.
- Unnið að staðsetningu knattspyrnuhúss með Pétri Jónssyni frá Landark.
- Unnið að undirbúningi deiliskipulagsvinnu vegna staðsetningar knattspyrnuhúss og uppbyggingar á svæðinu.
- Farið yfir þarfagreiningu fyrir knattspyrnuhús, þróun þeirra undanfarin ár og fyrirsjáanlegar þarfir til framtíðar.
- Vettvangsferð var farin til að skoða knattspyrnuhús í Fífunni, Kópavogi og Reykjaneshöllina í Reykjanesbæ, þar sem leitað var eftir ábendingum og reynslu af knattspyrnuhúsum. Fyrir lágu upplýsingar frá öðrum knatthúsum, s.s. skoðunarferð húss á Akranesi sem ekki er upphitað.
- Skoðaðir kostir á hugsanlegu stoðrymi við knatthús.
- Farið yfir fyrstu drög að kostnaðaráætlun.
- Skoðaðir kostir á að áfangaskipta uppbyggingu.

Uppbygging vaxtarsvæðis í Hafnarfirði

Lagt er upp með verkefnið sem langtímauppbyggingu á Ásvöllum, þar sem fyrirhuguð mannvirki munu nýtast vaxandi íbúðabyggð í nýjum hverfum, sem og þéttingarsvæðum í grónari hverfum, á komandi árum og áratugum.

Fyrirhugað knattspyrnuhús verður að fullu í eigu Hafnarfjarðarbæjar og bætist við þá aðstöðu sem Hafnarfjarðarbær hefur þegar byggt upp til íþróttaiðkunar á Ásvallasvæðinu, s.s. íþróttaaðstöðu Hauka, körfuknattleikshús og Ásvallalaug. Því til viðbótar má benda á þá gróskumiklu íþrótt- og heilsuræktarstarfsemi sem einkafyrirtæki starfrækja nú þegar á svæðinu og styrkja það enn frekar sem miðstöð íþróttar og heilsuræktar.

Þarfagreining fyrir knattspyrnuíðkun

Knattspyrna er meðal vinsælustu íþróttagreina á Íslandi og íðkun knattspyrnu er víðtæk meðal ungs fólks, en hér verður horft til íðkunar knattspyrnu meðal ungs fólks, á aldrinum 6 til og með 17 ára. Í Hafnarfirði eru skráðir um 1700 íðkendur knattspyrnu á þessum aldri, sem langflestir íðka íþróttina hjá tveimur íþróttafélögum, Haukum og FH. Eftirfarandi tafla sýnir fjölgun þessara íðkenda að undanfögnu í Hafnarfirði.

Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019


Tafla 1. Þróun fjölda knattspyrnuíðkenda í Hafnarfirði frá 6 ára til og með 17 ára aldurs.

	2013	2014	2015	2016	2017	2018
Haukar	340	463	488	507	517	529
FH	618	955	1036	1351	1078	1131
Samtals	958	1418	1524	1858	1595	1660

Sé horft allt til næstu 30 ára má gera ráð fyrir fjölgun íðkenda eins og sýnt er á eftirfarandi mynd, þar sem fjölgunin verði einkum umtalsverð í þeim íbúðabyggðum sem standa nærri Ásvöllum og eru framtíðarbyggingarsvæði nýrra hverfa í bænum.

Til samanburðar við fyrirhugað verkefni má horfa til þróunar fjölda íðkenda knattspyrnu hjá HK í Kópavogi í kjölfar tilkomu Kórsins, knattspyrnuhúss sem er sambærilegt við það sem hér er stefnt að. Í báðum tilvikum er um að ræða íþróttafélög í ört vaxandi og nýjum hverfum, en hjá HK fjölgaði íðkendum 2-3 falt á 10 ára tímabili.

Horft er til þess að Ásvellir, æfingasvæði Hauka, eru á svæði þar sem umtalsverð íbúafjölgun er fyrir séð á komandi árum. Gera má ráð fyrir að fjölgun íbúa í Hafnarfirði verði um 2% á ári fram til ársins 2040. Frá 2019 til 2040 verði íbúafjölgun samtals rúm 50%, sem samsvarar um 15 þús. nýjum íbúum.




Mynd 1. Þróun fjölda knattspyrnuíðkenda í Hafnarfirði frá 6 ára til og með 17 ára aldurs, ásamt áætlaðri fjölgun hjá Haukum og í nágrenni Ásvalla næstu tvo áratugi.

Með hverjum ungum knattspyrnuíðkanda má telja nánustu fjölskyldu eða aðstandendur og þannig má fullyrða að knattspyrnuíðkun ungmenna snerti þúsundir íbúa, auk allra þeirra sem njóta knattspyrnu sem áhorfendur og stuðningsmenn íþróttarinnar. Sé horft til ársins 2018 voru heimsóknir í íþróttamiðstöðina á Ásvöllum um 624 þúsund og skiptist þannig:

Tafla 2. Heimsóknir í íþróttamiðstöðina Ásvöllum árið 2018.


	Á vegum skóla Hafnarfjarðar	Íþróttaiðkun á vegum ÍBH	Annað	SAMTALS
Íþróttamiðstöðin Ásvöllum	134.555	273.794	216.028	624.377

Miðað við íbúafjölgun eina sér má gera ráð fyrir u.þ.b. eitt þúsund nýjum knattspyrnuíðkendum í Hafnarfirði við lok þessa tímabils og um 70% fjölgunarinnar verði á svæðum í nágrenni Ásvalla. Þar við bætist að bætt aðstaða til knattspyrnuæfinga mun draga enn frekar að nýja íðkendur, eins og reyndin hefur verið annars staðar, sbr. HK í Kópavogi. Þannig er ekki óvarlegt að áætla að knattspyrnuíðkendum hjá Haukum muni á komandi árum fjölga um þúsund, eða úr 500 í 1.500.



Mynd 2. Skólahverfi Hafnarfjarðar, þar sem við bætist Skarðshlíðarskóli, Hamranesskóli og skóli fyrir Ásland 4, sem munu njóta góðs af aðstöðu á Ásvöllum á komandi árum og áratugum.

Fyrirhuguð bygging mun að stærstum hluta verða notuð fyrir æfingar og leiki yngri deilda, barna og unglunga. Stærð hússins, ásamt viðbótarrými umhverfis og við enda vallarins, mun sérstaklega henta til að hópar geti stundað þar æfingar saman, greiðlega gangi að skipta hópum inn og út af vellinum og aðstandendur geti fylgst með og fylgt eftir börnum á æfingum. Í dag æfa og keppa auk meistaraflokka 2., 3. og 4. flokkur í 11 manna bolta, sem kallar á betri æfinga- og keppnisaðstöðu, auk þess sem yfirlýsingar og markmið KSÍ hníga í þá átt að lengja keppnistímabil inn í vetrarmánuðina með keppni í mörgum aldursflokkum. Fyrirhuguð hús mun geta svarað þeirri þróun og þörfinni þegar að henni kemur og með tilkomu keppnishúss í Hafnarfirði verður aðstaða til knattspyrnuíðkunar í bænum ein sú besta á landinu. Notkun fyrir meistaraflokka í knattspyrnu verður jafnframt nýr möguleiki við aðstæður sem ekki eru fyrir hendi núna. Til viðbótar knattspyrnuíðkun mun húsið bjóða upp á notkun vallarins fyrir aðrar íþróttir eftir því sem notkun hússins verður skipulögð.



Mynd 3. Byggðasvæði skv. Aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025, en til viðbótar þessum hverfum bætast við frekari framtíðarbyggðir sunnan Ásvallasvæðisins.

Auk knattspyrnu er gert ráð fyrir að húsið nýtist til göngu á braut sem liggja umhverfis knattspyrnuvöllinn og þar gefst tækifæri m.a. fyrir eldri borgara til hreyfingar og heilsuræktar. Í þeim knattspyrnuhúsum sem starfshópurinn skoðaði og eru upphituð kom fram að eldri borgarar nýttu sér húsin á hverjum degi til heilsueflingar og sú notkun færi vaxandi, enda er þessi hópur stækkandi og meðvitund um hreyfingu eykst.

Húsið má jafnframt nýta til íþróttakennslu skóla í Hafnarfirði, s.s. grunnskóla í hverfum nærri Ásvöllum og fyrir nemendur Flensborgarskóla.

Þá má nýta húsið fyrir aðrar íþróttagreinar, s.s. vegna stórra íþróttaviðburða, og loks fæst með húsinu aðstaða til að hýsa stóra viðburði af fjölmörgu tagi innanhúss.

Valkostir við gerð knattspyrnuhússins

Við skoðun á kostum við byggingu knatthúss á Ásvöllum hefur verið stuðst við þörf sem liggur fyrir að skapast mun á næstu árum og áratugum til knattspyrnuíðkunar með vísan til íbúðaþróunar á nærsvæðum Ásvalla. Knattspyrnufélagið Haukar hefur nú til afnota einn gervigrasvöll sem þjónar bæði sem aðalkeppnisvöllur félagsins og æfingavöllur. Með vísan til þeirra athugana sem starfshópurinn hefur gert, sjónarmiða notenda og þeirra upplýsinga sem Haukar hafa aflað sér, er það niðurstaða að heppilegast sé að byggja upphitað knatthús sem nýtist öllum aldursflokkum og getur þjónað iðkendum á nærsvæðum Ásvalla til framtíðar, þ.e. næstu áratuga.

Mikil umræða er um að lengja keppnistímabil knattspyrnu frá því sem nú er og mun því þörf á yfirbyggðum knattspyrnuhúsum stórukast á næstu árum, ekki síst á svæðum þar sem gert er ráð fyrir vaxandi fjölda íbúa.



Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019

Skoðaðir voru mismunandi kostir sem kæmu til greina varðandi húsið og hér eru nokkur atriði nefnd.

Byggingargerð knattspyrnuhússins

Skoðaðir voru kostir á byggingu úr stálgrind, límtré, fullsteyptu húsi o.fl.

Ákveðið var að horfa til húss þar sem langhliðar væru steyptir veggir með steyptum spyrnum, langhliðarnar væru hvorki klæddar né einangraðar en að hluta glerjaðar.

Gaflar væru úr stálvirki með yleiningum.

Þak væri úr stálvirki með opnum bogalöguðum grindarbitum, á stálvirki legðust trapisuplötur, einangrun og þakdúkur.

Um væri að ræða upphitað hús, með lágmarkshitastigi 5°C, sem hefði þannig sérstöðu í Hafnarfirði sem knattspyrnuhús og bygging sem nota mætti til stærri viðburða innanhúss, sem krefðust þess rýmis sem húsið býður upp á.

Varðandi notagildi upphitaðs húss, þá má benda á B.S. lokaverkefnið "Knattspyrnuhallirnar á Íslandi" frá Kennaraháskóla Íslands, maí 2007, þar sem samtals 21 þjálfari, í flokkum 8 til 2, voru spurðir fjölda spurninga um knattspyrnuhús og notagildi þeirra. Þar kom fram einróma skoðun allra þjálfaranna að æskilegra væri að hafa knattspyrnuhúsin upphituð en ekki. Enginn þjálfaranna taldi köld hús betri eða að þetta væri atriði sem skipti ekki máli.

Áætlun frá Hnit verkfræðistofu um upphitun húss m.v. gefnar forsendur og hitunarkostnað 149 kr/m³ eru m.v. þrjú mismunandi hitastig:

Áætlun frá Hnit verkfræðistofu um upphitun húss m.v. gefnar forsendur og hitunarkostnað 149 kr/m³ eru m.v. þrjú mismunandi hitastig:

5°C hitastig:	Rúmmál vatns: 51 þ.m ³	Kostnaður allt að 7,6 mkr./ári
10°C hitastig:	Rúmmál vatns: 72 þ.m ³	Kostnaður allt að 10,7 mkr./ári
15°C hitastig:	Rúmmál vatns: 93 þ.m ³	Kostnaður allt að 13,9 mkr./ári

Bent er á að framangreint eru hámarkstölur, sem miðast við samfellda hitun. Í reynd má stýra hituninni eftir þörfum, eftir tímum og árstíðum, og endanlegur kostnaður verður lægri sem því nemur.

Stærð knattspyrnuhússins

Til þess að uppfylla fyrirsjáanlegar kröfur til knattspyrnuíðkunar til framtíðar var horft til húss að stærð 82,5 x 120 m. Hæð yrði við útveggi 10 m og yfir miðju vallar 20 m.

Húsið er í flokki B skv. skilgreiningu KSÍ, en það er völlum í fullri stærð sem tekur 500-1500 áhorfendur. Húsið tekur 800 áhorfendur.

Einungis æfingahús, eða flokkur C getur verið með lægri lofthæð fyrir miðju, en þó ekki lægra en 10m og 5,5m yfir hliðarlínu, sbr. skjal KSÍ um uppbyggingu knattspyrnuhúsa, gefið út af Mannvirkjanefnd KSÍ, nóv. 1996.

Fundað var með vallarstjóra KSÍ/fulltrúa Mannvirkjanefndar um þessi mál í október 2018 og var 20m lofthæð yfir miðju ítrekað ef um keppnishús væri að ræða.

Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019

Að öðru leyti er vísað til samantektarinnar *Íþróttamiðstöð Hauka Ásvellir 1 Knattþús: Húsrýmis- og kostnaðaráætlun – Frumdrög*. Unnið af ASK Arkitektum og Hnit Verkfræðistofu, nóvember 2018, sem nefnd er í heimildaskrá aftast í þessari samantekt.

Staðsetning knattspyrnuhússins m.t.t. annarra mannvirkja

- Knattspyrnuhúsið verði við norðurenda núverandi útigervigrasvallar og snúi eins og hann, en við austurjaðar svæðisins þar sem friðað land tekur við.
- Huga þarf að aðstöðu fyrir búningaskipti, salerni, þjálfa o.fl. Athuga má hvort nýta megí mannvirki sem nú þegar eru til staðar, a.m.k. í fyrsta áfanga.



Mynd 4. Afstöðumynd sem sýnir núverandi íþróttamiðstöð Ásvöllum, útvöll og fyrirhugað knattspyrnuhús.

Með því að flytja knattþúsið nyrst á lóðina færast aðsókn og umferð um svæðið líka og því verður nauðsynlegt að bæta við bílastæðum á norðurhluta lóðarinnar. Einnig hefur stæðum þegar fækkað norðan við íþróttamiðstöðina við byggingu nýs íþróttasalar, Ólafssalar.

Samkvæmt byggingarreglugerð um lágmarksfjölda bílastæða við samkomuhús og íþróttamannvirki, skulu vera amk 7 bílastæði fyrir fólk með hreyfihömlun miðað við að fjöldi sæta sé um 800. Aðrar reglugerðir um bílastæðafjölda við íþróttamannvirki eru ekki til staðar. Stýring á samtímanýtingu stæða svæðisins mun hér skipta mestu máli og ákvarða hver fjöldi bílastæða þyrfti að vera. Ef leikir eru haldnir samtímis á leikvangi og í íþróttasal mun þurfa fleiri stæði. Þessu mætti komist hjá með því að stýra hvenær leikir eru haldnir. Hvort sem ráðist verður strax í gerð stæða sem teiknuð hafa verið

Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019

á uppdrátt, eða þau gerð síðar, þá er skynsamlegt að gera ráð fyrir rými fyrir stæði til framtíðar við fyrirhugað knattspyrnuhús, enda verður þeim auðveldlega komið fyrir við húsið.


Bílastæði á Ásvöllum nægja ekki lengur, eins og staðan er í dag, og þurfa áhorfendur oft að nýta bílastæði í nágrenni íþróttasvæðisins á leikjum yfir veturinn. Á stærri leikjum fyllast iðulega öll bílastæði í nágrenni Ásvalla. Að mati Hauka er nauðsynlegt að gera ráð fyrir þeim bílastæðum sem deiliskipulag gerir ráð fyrir til framtíðar, en mögulega má ráðast í gerð þeirra síðar.

Íbúðabyggð í nágrenni íþróttasvæðisins

- Unnið hefur verið að skipulagi Hafnarfjarðarbæjar á íbúðabyggð í nágrenni íþróttasvæðisins, þar sem skipulagðar eru allt að 100 íbúðir. Lauslega má áætla tekjur af sölu lóða þar yrðu um 400-600 mkr., sem gætu byrjað að berast snemma árs 2020.
- Til viðbótar tekjum af sölu lóða mun íbúðabyggð á svæðinu skila tekjum til bæjarfélagsins um ókomin ár, í fasteignagjöldum og útsvarsgreiðslum. Af 100 íbúðum má áætla að þessar tekjur verði um 180 mkr. á ári að núvirði.



Mynd 5. Yfirlit íbúðabyggðar á því svæði sem Haukar leggja til verkefnisins. Fyrirhugað knattspyrnuhús sýnilegt í bakgrunni.



Mynd 6. Afstöðumynd íbúðabygðar við Ásvelli.

Áfangaskipting og fjármögnun: Samstarfsverkefni Hafnarfjarðarbæjar og Hauka

Haukar hafa samþykkt að leggja til bæjarins hluta af svæði sínu til íbúðabygðar til þess að greiða fyrir uppbyggingu á Ásvöllum. Þannig verði fyrirhugað verkefni samstarf Hafnarfjarðarbæjar og Hauka, þar sem báðir aðilar hafa hag af. Uppbyggingin og aukin aðstaða til íþróttaiðkunar styrkir vaxandi hverfi í nágrenni Ásvalla og gera þau eftirsóknarverðari fyrir nýja íbúa, styður við uppbyggingu þar, tekjur af nýrri íbúabygð mun skila sér til Hafnarfjarðarbæjar um ókomin ár og bæjarfélagið mun sjálft eiga þau mannvirki sem það byggir. Fyrir Hauka verður ávinningurinn öflugra íþróttastarf og bætt aðstaða til knattspyrnuíðkunar til næstu áratuga. Aðstaða til knattspyrnuíðkunar á svæðinu hefur setið eftir og löngu er orðið brýnt að koma henni í gott horf.

Fyrir liggja frumdrög að húsrýmis- og kostnaðaráætlun verkefnisins, sem skipt er upp í 3 áfanga. Þar er markmiðið með 1. áfanga að koma upp grunnbyggingu hússins sem strax megi byrja að nýta til knattspyrnu innanhúss og frekari viðbætur bíði síðari áfanga verkefnisins.

1. áfangi: Knattspyrnuhús, grunnbygging

Fyrir liggja frumdrög að húsrýmis- og kostnaðaráætlun verkefnisins, sbr. heimildaskrá aftast í þessari samantekt. Til þess að auðvelda framkvæmd verksins er lagt til að skipta því upp í 3 áfanga, þar sem sá fyrsti er umfangsmestur, en hann er jafnframt meginþáttur verksins – sjálf grunnbygging knattspyrnuhússins. Til þess að auðvelda framkvæmd þessa áfanga er honum skipt upp milli ára í fjárhagsáætlunum bæjarfélagsins. Þar að auki leggjast tekjur af sölu íbúðalóða frá íþróttasvæði Hauka til þessa áfanga. Með þessu móti er leitast við að unnt verði að fjármagna þetta verkefni jafnhliða öðrum framkvæmdum bæjarfélagsins.



Hér er gert ráð fyrir að í 1. áfanga verkefnisins verði reist og lokið frágangi á burðarvirki knatt hússins ásamt þeim verkþáttum sem því fylgja, lagnir og rafkerfi og húsið verði strax nýtanlegt sem aðstaða til knattspyrnu innanhúss.

Kostnaður 1. áfanga: 1.600 mkr.

Aðrir þættir hússins en sjálf grunnbyggingin eru unnir í 2. áfanga og loks er frágangur lóðar og síðustu frágangsatriði innanhúss í 3. áfanga. Frumdrög að hönnun þeirra liggur fyrir, en sú vinna og útfærslur verða unnar frekar þegar fyrir kemur að þeim verkþáttum.

2. áfangi: Lagnir, rafkerfi, frágangur innanhúss, frágangur utanhúss, búningaástaða

Í 2. áfanga verkefnisins verður lokið stærstum hluta frágangs innanhúss og utanhúss og búningaástöðu.

Kostnaður 2. áfanga: 400 mkr.

3. áfangi: Frágangur lóðar og bílastæða, áhorfendabekkir í knattspyrnuhús

Í 3. áfanga verkefnisins verður lokið þeim þáttum sem standa út af eftir 2. áfanga, auk frágangs lóðar og bílastæða.

Kostnaður 3. áfanga: 230 mkr.

Kostnaður við hönnun og eftirlit: 170 mkr.

Óvissa í þessum upphæðum kann að vera allt að +/-15% eða +/-375 mkr. samtals.

Til þess að verkið verði framkvæmanlegt innan þess svigrúms sem er fyrir hendi þarf að leita leiða til að styrkja fjármögnun þess, áfangaskipta verkinu og ná fram hagræðingu eins og kostur er.

Hér er lögð fram áætlun sem byggir á að tekjur af framlagi Hauka með nýju íbúasvæði fjármagni fyrirhugaða uppbyggingu á móti framlagi Hafnarfjarðarbæjar. Með þessu móti er tryggt að framlag í þetta verkefni sé viðráðanlegt og unnt verði jafnframt að dreifa sameiginlegu fjármagni ætluðu til uppbyggingar íþróttamannvirkja í Hafnarfirði til verkefna víðar í bæjarfélaginu. Sérstaklega er hér horft til 1. áfangans, sem liggur næst fyrir. Áfangar 2 og 3 yrðu fjármagnaðir á síðari stigum þegar kemur að fjármögnun og fjárhagsáætlunum þeirra áfanga.

Tafla 3. Áfangar og fjármögnun verkefnisins.

Kostnaður við hönnun og eftirlit, um 170 mkr., bætist við þær upphæðir sem hér koma fram.

Áfangar	Framlag Hfj til íþróttamannvirkja	Tekjur af sölu lóða af svæði Hauka	Áfangi 1	Síðari áfangar, 2 og 3
1. áfangi – 1. ár	310 mkr.	400 mkr.	710 mkr.	
1. áfangi – 2. ár	450 mkr.		450 mkr.	
1. áfangi – 3. ár	440 mkr.		440 mkr.	
2. áfangi				400 mkr.
3. áfangi				230 mkr.
Samtals fyrir 1. áfanga	1.200 mkr.	400 mkr.	1.600 mkr.	630 mkr.



Lokaútgáfa - endurskoðuð

21. nóvember 2019

Með nýrri íbúðabyggð má gera ráð fyrir viðbótartekjum til bæjarfélagsins framvegis, s.s. í útsvari og fasteignagjöldum, um 180 mkr. á ári. Þessar viðbótartekjur eru ekki taldar hér verkefninu til tekna, en horfa má til þess ávinnings sem aukin íbúðabyggð mun verða fyrir svæðið og bæjarfélagið.

Samlegð í framkvæmdum – tækifæri til hagræðingar

Til greina kemur að ná fram hagræðingu og samlegð við verkefnið með því að bjóða saman út verkefni til íbúðabygginga á Ásvallasvæðinu og byggingu knattspyrnuhúss. Hagræði gæti verið fyrir verktaka að nýta mannafla, efni og aðstöðu við bæði verkefnin. Þannig mætti t.d. efni úr uppgreftri fyrir bílakjallara í undirfyllingar á svæðinu og með stærri samningum um sameiginlegt verk mætti ná samningum um lægri heildarkostnað. Ekki væri fjarri lagi að áætla lækkun kostnaðar vegna samlegðar og hagræðingar um 5-7%. Ekki hefur verið horft til þessa í þeim áætlunum sem gerðar hafa verið í þessari samantekt en ef í þessari leið felst ávinningur getur hún komið verkefninu enn frekar til góða.



Heimildir

Knattspyrna allan ársins hring – uppbygging knattspyrnuhúsa – stefnumörkun KSÍ. Mannvirkjanefnd KSÍ. Nóvember 1996.

Yfirbyggt íþróttahús í Garðabæ. Samantekt starfshóps um byggingu yfirbyggðs knattspyrnuhúss í Garðabæ. 2013.

Knattús á félagssvæði Knattspyrnufélags Reykjavíkur. B.S. ritgerð í viðskiptafræði við Háskóla Íslands. Skúli Jón Friðgeirsson, febrúar 2017.

Aðstaða til knattspyrnuíðkunar í Hafnarfirði. Samantekt fyrir Bæjarráð Hafnarfjarðar. Geir Bjarnason, 16. maí 2017.

Tillögur starfshóps um aðstöðu til knattspyrnuíðkunar. Samantekt fyrir Bæjarráð Hafnarfjarðar. 19. október 2017.

Íþróttamiðstöð Hauka Ásvellir 1 Knattús: Húsrymis- og kostnaðaráætlun – Frumdrög. Unnið af ASK Arkitektum og Hnit Verkfræðistofu. Nóvember 2018, með uppfærðri kostnaðaráætlun ágúst 2019.



FYLGISKJAL 2
ÁRSREIKNINGUR
AÐALSTJÓRNAR 2019



UDIRRITUN STJÓRNAR

Stjórn Knattspyrnufélagsins Hauka staðfestir hér með ársreikning aðalstjórnar árið 2019 með undirritun sinni. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrar- og efnahagsreikning fyrir árið 2019, rekstrarreikninga fyrir aðalstjórn, starf yngri flokka, íþróttamannvirki og félagsheimili auk sjóðstreymis og sundurlidana.

Hafnarfirði 15. maí 2020

Samuellaudmússon
 J. Þ. Skia
 Þorgeir H. Magnússon
 Hludborg Jón Ólafsson
 Þórunn Ólafsson
 Guðbjörg Halldóttir
 Magnús Gunnarsson
 Þórunn Ólafsson
 Einar Guðmundsson
 Þórunn Ólafsson
 Margrétur Sigmundsdóttir



ÁRITUN SKOÐUNARMANNS

Til stjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka.


Árseikning þennan fyrir aðalstjórn Knattspyrnufélagsins Hauka fyrir árið 2019 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Skipulag uppgjörsins er í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð árseikninga með það að markmiði, að leggja fram árseikning sem er í samræmi við góða reikningsskilavenju. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Árseikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, skýringar og yfirlit yfir sjóðstreymi. Árseikningurinn er lagður fram af stjórn félagsins og á ábyrgð þeirra.

Árseikningurinn gefur skýra mynd af rekstri félagsins á árinu 2019, efnahag hinn 31. desember 2019 og breytingu á handbæru fé árið 2019, í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 15. maí 2020


f.h. Fjarðurbókhald


Skúli Valtýsson, viðskiptafræðingur

ÁRITUN SKOÐUNARMANNA

Við undirritaðir félagskjórnir skoðunarmenn aðalstjórnar Knattspyrnufélagsins Hauka höfum yfirfarið árseikning þennan fyrir árið 2019 og leggjum til að hann verði samþykktur.

Hafnarfirði 15. maí 2020



REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2019

	2019	2018
REKSTRARTEKJUR:		
Rekstrarsamningur Hafnarfjarðarbæjar	134.152.600	123.311.365
Framlög og styrkir	8.011.697	7.294.549
Rekstur barna- og unglíngastarfs	100.362.267	82.201.172
Aðrar tekjur	20.078.879	33.504.288
Reiknuð húsaleiga	158.103.000	131.962.125
Rekstrartekjur alls	<u>420.708.443</u>	<u>378.273.499</u>
REKSTRARGJÖLD:		
Laun og launatengd gjöld	131.607.493	128.701.197
Mótahald, viðburðir	6.201.635	4.904.243
Verktakar	69.524.092	58.863.487
Framlög til reksturs húss og deilda	44.000.000	34.000.000
Rekstur íþróttahúss og íþróttasvæða	5.921.245	9.931.160
Stjórnun, umsjón, skrifstofukostnaður	3.383.604	2.800.641
Reiknuð húsaleiga	158.103.000	131.962.125
Rekstrargjöld alls	<u>418.741.069</u>	<u>371.162.853</u>
Rekstrarafkoma án fjármagnsliða	<u>1.967.374</u>	<u>7.110.646</u>
FJÁRMUNATEKJUR OG FJÁRMAGNSGJÖLD:		
Vaxtatekjur og verðbætur	7.894	21.635
Vaxtagjöld, verðbætur, gengismunur	(1.090.717)	(1.212.006)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld alls	<u>(1.082.823)</u>	<u>(1.190.371)</u>
	<u>884.551</u>	<u>5.920.275</u>
REKSTRARAFKOMA ARSINS	<u><u>884.551</u></u>	<u><u>5.920.275</u></u>



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

EIGNIR

	2019	2018
FASTAFJÁRMUNR:		
VARANLEGIR REKSTRARFJÁRMUNIR:		
Ásvellir	324.000.000	324.000.000
Fasteignir alls	<u>324.000.000</u>	<u>324.000.000</u>
ÁHETTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMA KRÖFUR:		
Hlutfé	1.500.000	1.500.000
Hlutfé alls	<u>1.500.000</u>	<u>1.500.000</u>
Fasta fjármunir alls	<u>325.500.000</u>	<u>325.500.000</u>
VELTUFJÁRMUNIR:		
Skammtíma kröfur	12.429.069	4.154.845
Handbært fé	3.864.363	2.783.837
Veltufjármunir alls	<u>16.293.432</u>	<u>6.938.682</u>
Eignir alls	<u>341.793.432</u>	<u>332.438.682</u>



EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2019

SKULDIR OG EIGIÐ FÉ

	2019	2018
EIGIÐ FÉ:		
Óráðstafað eigið fé 1/1	297.853.094	277.932.819
Leiðéitt v. fyrra árs	(1.844.240)	0
Endurnmat fasteigna	0	24.000.000
Niðurfærð framlög til deilda	0	(10.000.000)
Hagnaður (tap) ársins	884.551	5.920.275
Eigið fé alls	<u>296.893.405</u>	<u>297.853.094</u>
LANGTÍMA SKULDIR:		
Langtíma lán	10.137.510	14.986.621
Langtímaskuldir alls	<u>10.137.510</u>	<u>14.986.621</u>
SKAMMTÍMA SKULDIR:		
Viðskiptaskuldir	13.848.474	5.705.456
Ógreitt vegna starfsfólks	13.297.365	12.104.473
Tékkareikningslán	7.616.678	1.789.038
Skammtímaskuldir alls	<u>34.762.517</u>	<u>19.598.967</u>
Skuldir alls	<u>44.900.027</u>	<u>34.585.588</u>
Skuldir og eigið fé alls	<u>341.793.432</u>	<u>332.438.682</u>



SJÓDSTREYMI ÁRSINS 2019

Rekstrarhreyfingar	2019	2018
Hagnaður (tap) ársins samkvæmt rekstrarreikningi	884.551	5.920.275
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:		
Verðbreyting lána	<u>0</u>	<u>0</u>
Veltufé (til) frá rekstri	<u>884.551</u>	<u>5.920.275</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtimákröfur, lækkun (hækkun)	(8.274.224)	3.014.847
Skammtimaskuldir, (hækkun) hækkun	<u>15.163.550</u>	<u>455.337</u>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	<u>6.889.326</u>	<u>3.470.184</u>
Handbært fé (til) frá rekstri	<u>7.773.877</u>	<u>9.390.459</u>
Fjármögnunarhreyfingar:		
Afborgun lána	<u>(4.849.111)</u>	<u>0</u>
	<u>(4.849.111)</u>	<u>0</u>
Aðrar hreyfingar:		
Breyting eigin fjár	<u>(1.844.240)</u>	<u>(10.000.000)</u>
	<u>(1.844.240)</u>	<u>(10.000.000)</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé á árinu	1.080.526	(609.541)
Handbært fé í ársbyrjun	2.783.837	3.393.378
Handbært fé í lok ársins	<u>3.864.363</u>	<u>2.783.837</u>



FYLGISKJAL 3
ÁRSREIKNINGUR
REKSTRARFÉLAGS HAUKA EHF 2019



Ársskýrsla stjórnar

Rekstrarfélag Hauka ehf. annast rekstur meistaraflokka Knattspyrnufélagsins Hauka. Félagið er rekið í virðisaukaskattsumhverfi, m.a. með sölu auglýsinga og veitingarekstur. Það er álit stjórnar félagsins að allar þær upplýsingar komi fram í ársreikningnum, sem nauðsynlegar eru til að meta rekstrarárangur ársins, fjárhagslega þróun og stöðu í árslok.

Engin laun voru greidd á árinu

Samkvæmt niðurstöðu rekstarreiknings varð halli á árinu 2019 kr. 8.581.127. Hallinn er yfirfærður til næsta árs.

Engin stjórnarlaun eða arður var greiddur á árinu.

Stjórn Rekstrarfélags Hauka ehf. staðfestir hér með ársreikninginn með áritun sinni.

Hafnarfirði 15. maí 2020

Guðbjörg Haukdalstött
Hallgrímur Lárusson
Dregi A. Magnússon
Þur
Margrétur Sigmundsdóttir
Magnús Gunnarsson



Áritun skoðunarmanns

Til stjórnar og hluthafa í Rekstrarfélagi Hauka ehf.

Ársreikning þennan fyrir Rekstrarfélag Hauka fyrir 2019 hef ég samið eftir bókhaldi félagsins. Endurskoðun hefur ekki verið framkvæmd.

Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrareikning, efnahagsreikning og yfirlit yfir sjóðstreymi. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur.

Ársreikningurinn gefur skýra mynd af rekstri ársins 2019, efnahag hinn 31. desember 2019 og breytingu á sjóðstreymi 2019, í samræmi við lög, samþykktir félagsins og góða reikningsskilavenju.

Hafnarfirði 15. maí 2020

f.h. Fjarðarbókhald


Skúli Valtýsson, viðskiptafræðingur



Rekstrarreikningur ársins 2019

	2019	2018
Tekjur:		
Miðasala	11.566.409	11.046.110
Seldar auglýsingar og styrkir m/vsk	55.989.917	34.845.380
Styrkir og framlög án/vsk	51.020.822	47.055.341
Framlag frá aðalstjórn v. húsnæðis	29.000.000	19.000.000
Framlag til deilda frá aðalstjórn	15.000.000	15.000.000
Sala búninga og fl.	10.822.163	8.108.126
Leigutekjur m/vsk	1.636.808	2.344.951
Aðrar tekjur	7.796.799	27.388.801
	<u>182.832.918</u>	<u>164.788.709</u>
Rekstrargjöld:		
Efniskaup og kostnaður v/auglýsinga	15.828.826	13.929.993
Móttagjöld	5.179.270	4.047.093
Verktakar	72.209.350	73.292.419
Viðburðir og kostnaður vegna leikja	24.148.016	18.137.541
Dómarakostnaður og mótahald	7.509.212	4.569.962
Húsnæðiskostnaður	16.563.265	19.535.249
Áhald- og tækjakostnaður	5.478.669	6.033.855
Ferðakostnaður	16.406.372	13.640.123
Vallarleiga	474.400	729.622
Kostnaður v/félagsskipta	5.208.875	2.896.912
Aðkeyptur akstur og rekstur bífreiða	2.371.683	1.773.445
Stjórnun og umsýsla	8.366.623	4.582.652
Annar kostnaður	7.153.062	3.089.894
	<u>186.897.623</u>	<u>166.258.760</u>
Afskriftir 2.	2.176.660	2.496.060
Hagnaður (tap) fyrir fjármagnsliði	<u>(6.241.365)</u>	<u>(3.966.111)</u>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld):		
Vaxtatekjur og verðbætur	75.910	88.488
Vextir, þjónustugjöld, fjármagnstekjuskattur	<u>(2.415.672)</u>	<u>(2.204.670)</u>
	<u>(2.339.762)</u>	<u>(2.116.182)</u>
Hagnaður (tap) ársins	<u>(8.581.127)</u>	<u>(6.082.293)</u>



Efnahagsreikningur 31. desember 2019

Eignir		2019	2018
Óefnislegar eignir:			
Verðgildi leikmanna		3.900.000	3.900.000
Fastafjármunir:			
Áhöld og teki	2.	9.022.756	7.896.143
		<u>9.022.756</u>	<u>7.896.143</u>
Veltufjármunir:			
Skammtíma kröfur		18.168.581	11.855.365
Inneign virðisaukaskatts		0	29.887
Handbært fé		2.949.877	3.991.279
		<u>21.118.458</u>	<u>15.876.531</u>
Eignir samtals		<u><u>34.041.214</u></u>	<u><u>27.672.674</u></u>
Eigið fé og skuldir			
		2019	2018
Eigið fé:			
Hlutfé		500.000	500.000
Ójafnað eigið fé	3.	(18.818.047)	(12.599.841)
Eigið fé samtals		<u>(18.318.047)</u>	<u>(12.099.841)</u>
Skammtíma skuldir:			
Viðskiptaskuldir		48.094.803	38.313.511
Ógreiddur kostnaður		447.074	1.343.521
Ógreiddur virðisaukaskattur		3.817.384	115.483
		<u>52.359.261</u>	<u>39.772.515</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>34.041.214</u></u>	<u><u>27.672.674</u></u>



Yfirlit um sjóðstreymi árið 2019

	2019	2018
Rekstrarhreyfingar		
Hagnaður (tap) samkvæmt rekstrarreikningi	(8.581.127)	(6.082.293)
Mism. á hagnaði og handbæru fé frá rekstri:		
Afskriftir	2.176.660	2.496.060
Veltufé (til) frá rekstri	(6.404.467)	(3.586.233)
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:		
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun	(6.283.329)	1.747.358
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun	12.586.746	(7.170.041)
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	6.303.417	(5.422.683)
Handbært fé frá (til) rekstri	(101.050)	(9.008.916)
Fjárfestingarhreyfingar:		
Keypt áhöld	(2.784.572)	(1.001.909)
Seld áhöld	0	499.057
Fjármögnunarhreyfingar	(2.784.572)	(502.852)
Fjármögnunarhreyfingar:		
Afborganir lána	0	0
	0	0
Aðrar hreyfingar:		
Niðurfærðar skuldir	0	10.000.000
Leiðrétng	1.844.220	0
	1.844.220	10.000.000
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(1.041.402)	488.232
Handbært fé í ársbyrjun	3.991.279	3.503.047
Handbært fé í árslok	2.949.877	3.991.279



Áfram Haukar!